

Tilbrigði í íslenskri setningagerð

II. Helstu niðurstöður Tölfræðilegt yfirlit

Ritstjórar
Höskuldur Þráinsson,
Ásgrímur Angantýsson, Einar Freyr Sigurðsson

Aðrir höfundar
Ásta Svavarasdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson,
Guðrún Þórðardóttir, Heimir Freyr Viðarsson, Hlíf Árnadóttir,
Jóhannes Gísli Jónsson, Matthew J. Whelpton, †Salbjörg Óskarsdóttir,
Sigríður Sigurjónsdóttir, Sigrún Steinþímsdóttir, Tania E. Strahan,
Theódóra A. Torfadóttir, Þórhallur Eyþórsson, Þórunn Blöndal

Málvísindastofnun Háskóla Íslands
Reykjavík 2015

Tilbrigði í íslenskri setningagerð II

Útgefandi: Málvísindastofnun Háskóla Íslands
www.malvis.hi.is

©2015 Málvísindastofnun Háskóla Íslands

Dreifing: Háskólaútgáfan (Distribution: University of Iceland Press)
Dunhaga 18, IS-107 Reykjavík, ICELAND
<http://haskolautgafan.hi.is/>, hu@hi.is

Öll réttindi áskilin.
Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis
Málvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Tölvuvinnsla: Höskuldur Þráinsson
Kápa: Margrét Lára Höskuldsdóttir
Prentun: Litlaprent
www.prent.is

ISBN: 978-9979-853-52-7

Listi yfir höfunda efnis eins og hann birtist í I. bindi:

Höfundar efnis

(hér er í aðalatriðum miðað við þau störf eða stöðu sem höfundar höfðu meðan á rannsókninni stóð, en upplýsingar og netföng hafa sums staðar verið uppfærð)

Ásgrímur Angantýsson, doktorsnemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands,
nú lektor við Háskólanum á Akureyri: asgrimur@unak.is

Ásta Svavarsdóttir, rannsóknardósent, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum
fræðum: asta@hi.is

Einar Freyr Sigurðsson, meistaraneini, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands,
nú doktorsnemi við Univ. of Pennsylvania: einarsig@babel.ling.upenn.edu

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands:
eirikur@hi.is

Guðrún Þórðardóttir, meistaraneini, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands:
gudrut@ismennt.is

Heimir Freyr Viðarsson, meistaraneini, Íslensku- og menningardeild, Háskóla
Íslands, nú doktorsnemi í sömu deild: hfv3@hi.is

Hlif Árnadóttir, meistaraneini, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands:
hlifa@hi.is

Höskuldur Þráinsson, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands:
hoski@hi.is

Jóhannes Gísli Jónsson, aðjunkt, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands:
jj@hi.is

Matthew J. Whelpton, dósent, Deild erlendra tungumála, bókmennata og málvísinda,
Háskóla Íslands: whelpton@hi.is

†**Salbjörg Óskarsdóttir**, BA-nemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands
(Salbjörg lést áður en rannsóknarverkefni lauk)

Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands:
siggasig@hi.is

Sigrún Steinþimsdóttir, meistaraneini, Íslensku- og menningardeild, Háskóla
Íslands, nú kennari við Kvennaskólann í Reykjavík: sigrunst@kvenno.is

Tania E. Strahan, nýdoktor, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, nú starfsmaður
Appen Butler Hill, Sydney: tania.strahan@gmail.com

Theódóra A. Torfadóttir, doktorsnemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla
Íslands: tat@hi.is

Pórhallur Eyþórsson, sérfræðingur, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, nú dósent,
Deild erlendra tungumála, bókmennata og málvísinda, Háskóla Íslands: tolli@hi.is

Pórunn Blöndal, dósent, Kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands:
thorunnb@hi.is

Efnisyfirlit

II. Helstu niðurstöður – Tölfræðilegt yfirlit

Inngangur að II. bindi

| | |
|--|----|
| Hvað er í þessu bindi? | 13 |
| Hvaða gagn má hafa af tölfræðilega yfirlitinu? | 13 |
| Hvernig er vísað í einstakar kannanir og dæmi? | 14 |
| Summary | 14 |

| | |
|---|----|
| 6. Um tölfræðiyfirlitið (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson) | 15 |
| 6.0 Inngangur | 15 |
| 6.1 Gagnavinnslan | 15 |
| 6.2 Nokkur tölfræðihugtök og notkun þeirra í bókinni | 20 |
| 6.3 Víxlverkun breyta | 23 |
| 6.4 Frekari dæmi um framsetningu á niðurstöðum | 24 |
| 6.4.1 Að skilgreina nýjar breytur og reikna meðaltal | 24 |
| 6.4.2 Að búa til súlurit og límurit | 29 |
| 6.5 Lokaorð | 32 |
| Rit sem vísað er til í þessum kafla | 32 |
| Summary | 32 |
| 7. Fallmörkun (Höskuldur Þráinsson, Þórhallur Eyþórsson, Ásta Svavarssdóttir, Þórunn Blöndal) | 33 |
| 7.1 Athugunarefnin | 33 |
| 7.1.1 Þágufallshneigð | 33 |
| 7.1.2 Nefnifallshneigð | 34 |
| 7.1.3 Andlagsfall | 35 |
| 7.1.4 Fallglötum og fallflutningur | 37 |
| 7.2 Þágufallshneigð | 38 |
| 7.2.1 Almennt yfirlit | 38 |
| 7.2.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn | 42 |
| 7.2.2.1 Aldur | 42 |
| 7.2.2.2 Menntun | 45 |
| 7.2.2.3 Kyn | 48 |
| 7.2.3 Tengsl við búsetu | 49 |
| 7.2.4 Samantekt | 51 |
| 7.3 Nefnifallshneigð | 52 |
| 7.3.1 Almennt yfirlit | 52 |
| 7.3.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn | 53 |
| 7.3.2.1 Aldur | 53 |
| 7.3.2.2 Menntun | 54 |
| 7.3.2.3 Kyn | 55 |
| 7.3.3 Tengsl við búsetu | 55 |
| 7.3.4 Samantekt | 56 |
| 7.4 Andlagsfall | 57 |
| 7.4.1 Almennt yfirlit | 57 |
| 7.4.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn | 59 |
| 7.4.2.1 Aldur | 59 |
| 7.4.2.2 Menntun | 62 |
| 7.4.2.3 Kyn | 63 |
| 7.4.3 Tengsl við búsetu | 65 |
| 7.4.4 Samantekt | 67 |

| | |
|---|-----|
| 7.5 Fallglötun og fallflutningur | 68 |
| 7.5.1 Almennt yfirlit | 68 |
| 7.5.2 Tengsl við aldur, menntum og kyn | 69 |
| 7.5.2.1 Aldur | 69 |
| 7.5.2.2 Menntun | 70 |
| 7.5.2.3 Kyn | 71 |
| 7.5.3 Tengsl við búsetu | 71 |
| 7.5.4 Samantekt | 72 |
| 7.6 Lokaorð | 72 |
| Rit sem vísað er til í þessum kafla | 73 |
| Summary | 75 |
| | |
| 8. Um þolmynd, germynd og það (Höskuldur Þráinsson, Sigíður Sigurjónsdóttir, Hlif Árnadóttir, Þórhallur Eyþórsson) | |
| 8.1 Athugunarefni | 77 |
| 8.1.0 Imgangur | 77 |
| 8.1.1 Leppsetningar og skyld dæmi | 78 |
| 8.1.2 Hefðbundin þolmynd og polmörk hennar | 80 |
| 8.1.3 Nýja þolmyndin | 82 |
| 8.2 Leppsetningar og skyld dæmi | 84 |
| 8.2.1 Almennt yfirlit | 84 |
| 8.2.2 Tengsl við aldur, menntum og kyn | 86 |
| 8.2.2.1 Aldur | 86 |
| 8.2.2.2 Menntun | 87 |
| 8.2.2.3 Kyn | 89 |
| 8.2.3 Tengsl við búsetu | 90 |
| 8.2.4 Samantekt | 90 |
| 8.3 Hefðbundin þolmynd og polmörk hennar | 91 |
| 8.3.1 Almennt yfirlit | 91 |
| 8.3.2 Tengsl við aldur, menntum og kyn | 93 |
| 8.3.2.1 Aldur | 93 |
| 8.3.2.2 Menntun | 94 |
| 8.3.2.3 Kyn | 96 |
| 8.3.3 Tengsl við búsetu | 97 |
| 8.3.4 Samantekt | 99 |
| 8.4 Nýja þolmyndin | 99 |
| 8.4.1 Almennt yfirlit | 99 |
| 8.4.2 Tengsl við aldur, menntum og kyn | 102 |
| 8.4.2.1 Aldur | 102 |
| 8.4.2.2 Menntun | 106 |
| 8.4.2.3 Kyn | 108 |
| 8.4.3 Tengsl við búsetu | 110 |
| 8.4.4 Samantekt | 115 |
| 8.5 Lokaorð | 116 |
| Rit sem vísað er til í þessum kafla | 117 |
| Summary | 118 |
| | |
| 9. Um vera að og vera búinn að (Höskuldur Þráinsson, Theódóra A. Torfadóttir) | |
| 9.1 Athugunarefni | 121 |
| 9.1.0 Imgangur | 121 |
| 9.1.1 Vera að i íþróttamáli | 123 |
| 9.1.2 Útvíkkun frámvinduhorf | 124 |

| | | |
|-------------------------------------|---|-----|
| 9.1.3 | Vera búinn að og hafa | 126 |
| 9.2 | Vera að í ipróttamáli | 126 |
| 9.2.1 | Almennt yfirlit | 126 |
| 9.2.2 | Tengsl við aldur, menntun og kyn | 128 |
| 9.2.2.1 | Aldur | 128 |
| 9.2.2.2 | Menntun | 130 |
| 9.2.2.3 | Kyn | 131 |
| 9.2.3 | Tengsl við búsetu | 132 |
| 9.2.4 | Samantekt | 133 |
| 9.3 | Útvíkkun framvinduhorfs | 133 |
| 9.3.1 | Almennt yfirlit | 133 |
| 9.3.2 | Tengsl við aldur, menntun og kyn | 137 |
| 9.3.2.1 | Aldur | 137 |
| 9.3.2.2 | Menntun | 141 |
| 9.3.2.3 | Kyn | 142 |
| 9.3.3 | Tengsl við búsetu | 144 |
| 9.3.4 | Samantekt | 146 |
| 9.4 | Um vera búinn að og hafa | 147 |
| 9.4.1 | Almennt yfirlit | 147 |
| 9.4.2 | Tengsl við aldur, menntun og kyn | 147 |
| 9.4.2.1 | Aldur | 147 |
| 9.4.2.2 | Menntun | 148 |
| 9.4.2.3 | Kyn | 149 |
| 9.4.3 | Tengsl við búsetu | 149 |
| 9.4.4 | Samantekt | 150 |
| 9.5 | Lokaorð | 151 |
| Rit sem vísað er til í þessum kafla | | 151 |
| Summary | | 152 |
| 10. | Fornöfn (Höskuldur Þráinsson, Tania E. Strahan) | |
| 10.1 | Athugunarefnin | 155 |
| 10.1.0 | Inngangur | 155 |
| 10.1.1 | Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum | 156 |
| 10.1.2 | Langdræg afturbeyging | 158 |
| 10.2 | Almennt yfirlit | 160 |
| 10.2.1 | Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum | 160 |
| 10.2.2 | Langdræg afturbeyging | 163 |
| 10.2.3 | Samantekt | 164 |
| 10.3 | Tengsl við aldur, menntun og kyn | 165 |
| 10.3.1 | Aldur | 165 |
| 10.3.2 | Menntun | 169 |
| 10.3.3 | Kyn | 170 |
| 10.3.4 | Samantekt | 171 |
| 10.4 | Tengsl við búsetu | 172 |
| 10.5 | Lokaorð | 173 |
| Rit sem vísað er til í þessum kafla | | 174 |
| Summary | | 175 |
| 11. | Hættir og tíðir (Höskuldur Þráinsson, Guðrún Þórðardóttir) | |
| 11.1 | Athugunarefnin | 177 |
| 11.1.0 | Inngangur | 177 |

| | | |
|--|---|-----|
| 11.1.1 | <i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum</i> | 179 |
| 11.1.2 | <i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum</i> | 180 |
| 11.1.3 | <i>Tíðasamræmi</i> | 181 |
| 11.2 | Almennt yfirlit | 182 |
| 11.2.1 | <i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum</i> | 182 |
| 11.2.2 | <i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum</i> | 184 |
| 11.2.3 | <i>Tíðasamræmi</i> | 188 |
| 11.2.4 | <i>Samantekt</i> | 189 |
| 11.3 | Tengsl við aldur, menntun og kyn | 190 |
| 11.3.1 | <i>Aldur</i> | 190 |
| 11.3.2 | <i>Menntun</i> | 193 |
| 11.3.3 | <i>Kyn</i> | 195 |
| 11.3.4 | <i>Samantekt</i> | 196 |
| 11.4 | Tengsl við búsetu | 197 |
| 11.5 | Lokaorð | 199 |
| Rit sem vísað er til í þessum kafla | | 199 |
| Summary | | 200 |
| 12. | Samræmi (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Jóhannes Gísli Jónsson) | |
| 12.1 | Athugunarefnin | 203 |
| 12.1.0 | <i>Inngangur</i> | 203 |
| 12.1.1 | <i>Samræmi við nefnifallsandlag</i> | 203 |
| 12.1.2 | <i>Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu</i> | 205 |
| 12.1.3 | <i>Samræmi við hlutaeignarfall</i> | 207 |
| 12.1.4 | <i>Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning</i> | 208 |
| 12.2 | Samræmi við nefnifallsandlag | 209 |
| 12.2.1 | <i>Almennt yfirlit</i> | 209 |
| 12.2.2 | <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 211 |
| 12.2.2.1 | <i>Aldur</i> | 211 |
| 12.2.2.2 | <i>Menntun</i> | 213 |
| 12.2.2.3 | <i>Kyn</i> | 214 |
| 12.2.3 | <i>Tengsl við búsetu</i> | 215 |
| 12.2.4 | <i>Samantekt</i> | 215 |
| 12.3 | Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu | 216 |
| 12.3.1 | <i>Almennt yfirlit</i> | 216 |
| 12.3.2 | <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 218 |
| 12.3.2.1 | <i>Aldur</i> | 218 |
| 12.3.2.2 | <i>Menntun</i> | 218 |
| 12.3.2.3 | <i>Kyn</i> | 219 |
| 12.3.3 | <i>Tengsl við búsetu</i> | 220 |
| 12.3.4 | <i>Samantekt</i> | 220 |
| 12.4 | Samræmi við hlutaeignarfall | 221 |
| 12.4.1 | <i>Almennt yfirlit</i> | 221 |
| 12.4.2 | <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 222 |
| 12.4.2.1 | <i>Aldur</i> | 222 |
| 12.4.2.2 | <i>Menntun</i> | 222 |
| 12.4.2.3 | <i>Kyn</i> | 223 |
| 12.4.3 | <i>Tengsl við búsetu</i> | 223 |
| 12.4.4 | <i>Samantekt</i> | 224 |

| | |
|--|-----|
| 12.5 Samræmismörk | 225 |
| 12.5.1 <i>Almennt yfirlit</i> | 225 |
| 12.5.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 225 |
| 12.5.2.1 Aldur | 225 |
| 12.5.2.2 Menntun | 226 |
| 12.5.2.3 Kyn | 227 |
| 12.5.3 <i>Tengsl við búsetu</i> | 227 |
| 12.5.4 <i>Samantekt</i> | 228 |
| 12.6 Lokaorð | 228 |
| Rit sem vísað er til í þessum kafla | 229 |
| Summary | 230 |
| | |
| 13. Eignarsambönd (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Eiríkur Rögnvaldsson) | |
| 13.1 Athugunarefnin | 233 |
| 13.1.1 <i>Staða eignarfornafns og eignarfalls</i> | 233 |
| 13.1.2 <i>Samspil greinis, eignarfornafns og eignarfalls</i> | 234 |
| 13.1.3 <i>Ólafsfjarðareignarfallið</i> | 236 |
| 13.1.4 <i>Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir í eignarmerkingu</i> | 237 |
| 13.1.5 <i>Eignarfall persónufornafns og eignarfornafn í tengdum liðum</i> | 239 |
| 13.2 Staða eignarfornafns og eignarfalls | 239 |
| 13.2.1 <i>Almennt yfirlit</i> | 239 |
| 13.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 240 |
| 13.2.2.1 Aldur | 240 |
| 13.2.2.2 Menntun | 241 |
| 13.2.2.3 Kyn | 241 |
| 13.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i> | 241 |
| 13.2.4 <i>Samantekt</i> | 242 |
| 13.3 Samspil greinis, eignarfornafns og eignarfalls | 242 |
| 13.3.1 <i>Almennt yfirlit</i> | 242 |
| 13.3.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 244 |
| 13.3.2.1 Aldur | 244 |
| 13.3.2.2 Menntun | 247 |
| 13.3.2.3 Kyn | 249 |
| 13.3.3 <i>Tengsl við búsetu</i> | 250 |
| 13.3.4 <i>Samantekt</i> | 253 |
| 13.4 Ólafsfjarðareignarfallið | 253 |
| 13.4.1 <i>Almennt yfirlit</i> | 253 |
| 13.4.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 253 |
| 13.4.2.1 Aldur | 253 |
| 13.4.2.2 Menntun | 254 |
| 13.4.2.3 Kyn | 255 |
| 13.4.3 <i>Tengsl við búsetu</i> | 256 |
| 13.4.4 <i>Samantekt</i> | 258 |
| 13.5 Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir í eignarmerkingu | 259 |
| 13.5.1 <i>Almennt yfirlit</i> | 259 |
| 13.5.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 260 |
| 13.5.2.1 Aldur | 260 |
| 13.5.2.2 Menntun | 263 |
| 13.5.2.3 Kyn | 264 |
| 13.5.3 <i>Tengsl við búsetu</i> | 265 |
| 13.5.4 <i>Samantekt</i> | 266 |

| | |
|--|-----|
| 13.6 Eignarfall persónufornafns og eignarfornafn í tengdum liðum | 267 |
| 13.6.1 <i>Almennt yfirlit</i> | 267 |
| 13.6.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 267 |
| 13.6.2.1 Aldur | 267 |
| 13.6.2.2 Menntun | 268 |
| 13.6.2.3 Kyn | 269 |
| 13.6.3 <i>Tengsl við búsetu</i> | 270 |
| 13.6.4 <i>Samantekt</i> | 270 |
| 13.7 Lokaorð | 271 |
| Rit sem vísað er til í þessum kafla | 271 |
| Summary | 272 |
| | |
| 14. Kjarnafærsla, stílfærsla, leppsetningar og frumlagseyða (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson, Heimir Freyr Viðarsson) | |
| 14.1 Athugunarefnin | 275 |
| 14.1.0 <i>Imgangur</i> | 275 |
| 14.1.1 <i>Kjarnafærsla í aukasetningum</i> | 276 |
| 14.1.2 <i>Stílfærsla</i> | 278 |
| 14.1.3 <i>Leppimskot</i> | 278 |
| 14.1.4 <i>Frumlagseyða</i> | 279 |
| 14.2 Almennt yfirlit | 280 |
| 14.2.1 <i>Kjarnafærsla í aukasetningum</i> | 280 |
| 14.2.2 <i>Stílfærsla</i> | 282 |
| 14.2.3 <i>Leppimskot</i> | 282 |
| 14.2.4 <i>Frumlagseyða</i> | 283 |
| 14.2.5 <i>Samantekt</i> | 283 |
| 14.3 Tengsl við aldur, menntun og kyn | 284 |
| 14.3.1 <i>Aldur</i> | 284 |
| 14.3.2 <i>Menntun</i> | 288 |
| 14.3.3 <i>Kyn</i> | 290 |
| 14.3.4 <i>Samantekt</i> | 291 |
| 14.4 Tengsl við búsetu | 292 |
| 14.5 Lokaorð | 294 |
| Rit sem vísað er til í þessum kafla | 295 |
| Summary | 296 |
| | |
| 15. Orðaröð í aukasetningum (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson) | |
| 15.1 Athugunarefnin | 299 |
| 15.1.1 <i>Gerðir aukasetninga og aukatengingar</i> | 299 |
| 15.1.2 <i>S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga</i> | 300 |
| 15.1.3 <i>Innskots-að og staða sagnar</i> | 302 |
| 15.1.4 <i>S2 og S3 í nafniháttarsamböndum</i> | 303 |
| 15.2 Brottfall og innskot tengingar | 303 |
| 15.2.1 <i>Almennt yfirlit</i> | 303 |
| 15.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 305 |
| 15.2.2.1 Aldur | 305 |
| 15.2.2.2 Menntun | 305 |
| 15.2.2.3 Kyn | 306 |
| 15.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i> | 307 |
| 15.2.4 <i>Samantekt</i> | 308 |
| 15.3 S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga | 308 |
| 15.3.1 <i>Almennt yfirlit</i> | 308 |

| | | |
|--|--|-----|
| 15.3.2 | <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 313 |
| 15.3.2.1 | Aldur | 313 |
| 15.3.2.2 | Menntun | 315 |
| 15.3.2.3 | Kyn | 316 |
| 15.3.3 | <i>Tengsl við búsetu</i> | 317 |
| 15.3.4 | <i>Samantekt</i> | 319 |
| 15.4 | Innskots-að og staða sagnar | 319 |
| 15.4.1 | <i>Almennt yfirlit</i> | 319 |
| 15.4.2 | <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 321 |
| 15.4.2.1 | Aldur | 321 |
| 15.4.2.2 | Menntun | 322 |
| 15.4.2.3 | Kyn | 323 |
| 15.4.3 | <i>Tengsl við búsetu</i> | 323 |
| 15.4.4 | <i>Samantekt</i> | 325 |
| 15.5 | S2, S3 og þolfall með nafnhætti | 325 |
| 15.5.1 | <i>Almennt yfirlit</i> | 325 |
| 15.5.2 | <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 326 |
| 15.5.2.1 | Aldur | 326 |
| 15.5.2.2 | Menntun | 326 |
| 15.5.2.3 | Kyn | 326 |
| 15.5.3 | <i>Tengsl við búsetu</i> | 327 |
| 15.5.4 | <i>Samantekt</i> | 327 |
| 15.6 | Lokaorð | 327 |
| Rit sem vísað er til í þessum kafla | | 328 |
| Summary | | 329 |
| 16. | Ýmislegt (Höskuldur Þráinsson, Matthew J. Whelpton, Jóhannes Gísli Jónsson) | |
| 16.1 | Athugunarefnin | 331 |
| 16.1.1 | <i>Útkomuumsagnir</i> | 331 |
| 16.1.2 | <i>Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði</i> | 333 |
| 16.1.3 | <i>Ósögð aukafallsfrumlög</i> | 334 |
| 16.1.4 | <i>Staða agna</i> | 335 |
| 16.1.5 | <i>Tvöföldun forsetninga, strand og lokkun</i> | 336 |
| 16.1.6 | <i>Ýmis atriði tengd fornöfnum og tölurordum</i> | 337 |
| 16.2 | Útkomuumsagnir | 338 |
| 16.2.1 | <i>Almennt yfirlit</i> | 338 |
| 16.2.2 | <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 340 |
| 16.2.2.1 | Aldur | 340 |
| 16.2.2.2 | Menntun | 341 |
| 16.2.2.3 | Kyn | 342 |
| 16.2.3 | <i>Tengsl við búsetu</i> | 343 |
| 16.2.4 | <i>Samantekt</i> | 343 |
| 16.3 | Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði | 344 |
| 16.3.1 | <i>Almennt yfirlit</i> | 344 |
| 16.3.2 | <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 344 |
| 16.3.2.1 | Aldur | 344 |
| 16.3.2.2 | Menntun | 345 |
| 16.3.2.3 | Kyn | 346 |
| 16.3.3 | <i>Tengsl við búsetu</i> | 346 |
| 16.3.4 | <i>Samantekt</i> | 346 |
| 16.4 | Ósögð aukafallsfrumlög | 347 |
| 16.4.1 | <i>Almennt yfirlit</i> | 347 |

| | | |
|-------------|--|-----|
| 16.4.2 | <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 347 |
| 16.4.2.1 | Aldur | 347 |
| 16.4.2.2 | Menntun | 348 |
| 16.4.2.3 | Kyn | 349 |
| 16.4.3 | <i>Tengsl við búsetu</i> | 349 |
| 16.4.4 | <i>Samantekt</i> | 349 |
| 16.5 | Staða agna | 350 |
| 16.5.1 | <i>Almennt yfirlit</i> | 350 |
| 16.5.2 | <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 350 |
| 16.5.2.1 | Aldur | 350 |
| 16.5.2.2 | Menntun | 351 |
| 16.5.2.3 | Kyn | 351 |
| 16.5.3 | <i>Tengsl við búsetu</i> | 352 |
| 16.5.4 | <i>Samantekt</i> | 352 |
| 16.6 | Tvöföldun forsetninga, strand og lokkun | 352 |
| 16.6.1 | <i>Almennt yfirlit</i> | 352 |
| 16.6.2 | <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 353 |
| 16.6.2.1 | Aldur | 353 |
| 16.6.2.2 | Menntun | 354 |
| 16.6.2.3 | Kyn | 355 |
| 16.6.3 | <i>Tengsl við búsetu</i> | 355 |
| 16.6.4 | <i>Samantekt</i> | 356 |
| 16.7 | Ýmis atriði tengd fornöfnum og töluerum | 356 |
| 16.7.1 | <i>Almennt yfirlit</i> | 356 |
| 16.7.2 | <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i> | 358 |
| 16.7.2.1 | Aldur | 358 |
| 16.7.2.2 | Menntun | 359 |
| 16.7.2.3 | Kyn | 360 |
| 16.7.3 | <i>Tengsl við búsetu</i> | 360 |
| 16.7.4 | <i>Samantekt</i> | 361 |
| 16.8 | Lokaorð | 362 |
| | Rit sem vísað er til í þessum kafla | 363 |
| | Summary | 364 |

7. Fallmörkun

Höskuldur Þráinsson, Pórhallur Eyþórsson,
Ásta Svavarsdóttir, Þórunn Blöndal

7.1 Athugunarefnin

Í yfirlitskönnunum voru skoðuð allmög atriði sem varða fallmörkun eða fallstjórn á einn eða annan hátt. Í þessum kafla er gefið yfirlit yfir þessi atriði. Fyrst er sagt frá því hvað var athugað og sýndar þær dæmasetningar sem komu við sögu. Síðan er fjallað um hvert viðfangsefni fyrir sig og greint frá helstu niðurstöðum og rannsóknaraðferðir bornar saman eftir því sem við á.

7.1.1 Þágufallshneigð

Könnun á tilbrigðum í frumlagsfalli var býsna fyrirferðarmikil í verkefninu, einkum svokölluð þágufallshneigð eða þágufallssýki, en hún hefur verið vinsælt viðfangsefni íslenskra og erlendra málfræðinga um áratuga skeið eins of sjá má af tilvísunum hér á eftir. Athugunin beindist að eftirtoldum sögnum, en fyrri rannsóknir höfðu sýnt að þágufallshneigð er misalgeng eftir því hver þeirra á í hlut (sjá umræðu í 4. kafla og í ritum sem þar er vísað til):

- (7.1) a. þágufallshneigð með *langa* og *vanta*
b. þágufallshneigð (og þolfallshneigð) með sögnunum *hlakka til* og *kviða fyrir*
c. þágufallshneigð með *minna*

Í (7.2) eru sýndar þær dæmasetningar sem voru notaðar til að kanna þessi atriði og á undan hverri setningu stendur númerið sem hín hefur í gagnasafninu. Eins og sjá má er frumlagið ýmist í nefnifalli (með *hlakka til*), þolfalli eða þágufalli, enda var hugmyndin sú að athuga hver þessara falla fengju besta dóma í hverju tilviki.¹ Frumlagið er líka af ýmsum gerðum (1. eða 3. persóna, fornafn eða nafnorð) þar sem fyrri rannsóknir höfðu sýnt að það skiptir máli (sjá umræðu í 4. kafla):

- (7.2) a. T2001 *Sífer að fara í ferðalag með vinkonum sínum.*
Hún hlakkar mikið til.
b. T2005 *Margir fara á árshátið í febrúar.*
Okkur **Þorvaldi** langar að fara á þorrablót.
c. T2011 *Rakel er mikið jólabarn.*
Hana hlakkar alltaf mikið til jólanna.
d. T2015 *Rakel var að leita að lyklunum sínum.*
Hana minnti að þeir væru á eldhúsborðinu.
e. T2021 *Bjarni er búinn vera lengi úti á sjó.*
Honum hlakkar til að komast loksins heim.
f. T2025 *Helga mundi ekki nafnið á rafvirkjanum.*
Henni minnti að hann héti Ragnar.

¹ Fallnotkun með sögninni *kviða fyrir* var ekki prófuð á þennan hátt þar sem vitað er að menn beygja hana á mismunandi vegu og það gæti haft áhrif á matið á dæmunum. Þannig gæti einhver t.d. hafnað setningu á borð við *Mér kviðir fyrir* vegna þess að hann myndi segja *Mér kviður fyrir* en ekki vegna þess að hann væri ósáttur við fallið á frumlaginu. Fallnotkun með sögninni *kviða* var þess vegna aðeins könnuð með eyðufyllingu.

- g. T2031 *Pað er árshátið um helgina.*
Strákana langar til að taka þátt í spurningakeppninni.
- h. T2041 *Helgi er að fara í útilegu.*
Strákunum langar til að fara með honum.
- i. T2051 *Mjöll vill ekki fara í Grikklandsferðina.*
Hana langar **sjálfa** mest til Tyrklands.
- j. T2061 *Heiðdis klippti vinkonu sína um daginn.*
Hana langar **sjálfri** í nýja klippingu.
- k. T2071 *Vinir Helga ætla til Kaupmannahafnar.*
Honum langar **sjálfan** meira til London.
- l. T2081 *Pálína hringdi úr bókabúðinni.*
Hún spurði hvort **mig** vantaði ekki umslög.
- m. T2091 *Ég hitti bankastjóran i afgreiðslunni.*
Hann spurði hvort **mér** vantaði ekki lán.
- n. T2101 *Gunna er að hugsa um að kaupa sér nýja kápu.*
Siggi heldur að **hana** vanti ekki meiri fót.
- o. T2111 *Guðný er að leita að afmælisgjöf handa Davíð.*
Hún heldur að **honum** vanti annan síma.
- p. N0626 **Helga** kveið rosalega mikið fyrir tónleikunum.
[Spurt um merkingu.]

Auk þessa var frumlagsfall kannað með eyðufyllingu með eftirtöldum sögnum í T2, en þar voru fyrirmælin þau að setja skyldi *hín*, *hana*, *henni* eða *hennar* inn í eyðurnar (sjá nánar í frásögninni **Veiðiferðin** í viðauka— þar kemur m.a. fram að eyðurnar voru fleiri en þær sem hér eru sýndar):

- (7.3) a. ____ hlakkar mikið til sumarsins
 b. ____ kvíðir samt dálítið fyrir sjóveikinni
 c. ____ leiðist ferlega
 d. ____ langar ekkert til að æla í ferðinni
 e. En þegar hún sofnar loksins dreymir ____ bara þorska og net
 f. Þá sér hún að ____ vantar gamsann sinn
 g. ____ minmir að hann eigi að vera á borðinu

Eins og lýst er í 2. kafla prófa þessar tvær aðferðir, þ.e. mat á setningum og eyðufylling, ekki nákvæmlega sama atriðið. Þegar spurt er um mat á einstökum setningum er verið að leita eftir viðbrögðum sem eiga að endurspeglar máltilfinninguna og þá er hugsanlegt að menn geti sætt sig við fleiri en einn kost. Í eyðufyllingu þurfa menn hins vegar að velja eina orðmynd, jafnvel þótt fleiri en ein gæti komið til greina, þannig að sú aðferð sýnir ekki hvað mönnum finnst um þá kosti sem þeir velja ekki (sjá líka umræðu í 4. kafla).

7.1.2 Nefnifallshneigð

Orðið *nefnifallshneigð* hefur líklega einkum verið notað um þá tilhneigingu að nota nefnifallsfrumlag með sögnum sem áður tóku þolfallsfrumlag, svo sem *reka* (á land) eða *daga uppi*. En þar sem nefnifall er hið sjálfgefna frumlagsfall í íslensku (eða **formgerðarfall** frumlags, eins og það er stundum kallað, sjá t.d. Jóhannes Gísla Jónsson 1997–1998, 2003, 2005; Þórhall Eyþórsson 2001, 2002; Höskuld Þráinsson 2005 (kafla 7.6.1), Hlíf Árnadóttur og Einar Frey Sigurðsson 2013 o.fl.) mætti í sjálfu

sér búast við því að það léti víðar á sér kræla þar sem áður hefur verið frumlag í aukafalli, enda höfðu sést merki um það. Þess vegna var hér skoðuð fallnotkun með fleiri sögnum, eins og fram kemur í (7.4):²

- (7.4) a. nefnifallshneigð og þágufallshneigð með *dreyma*
 b. nefnifallshneigð með *ljúka* og *leiðast*
 c. Nefnifallshneigð með *reka* (á land) og *daga uppi*

Þetta var prófað með eftirtöldum setningum:

- (7.5) a. T2003 *Liðin mættust í síðustu umferð mótsins.*
Leiknum lauk með jafntefli.
- b. T2013 *Friðrik vann fyrstu skákina.*
Önnur skákin lauk með sigri Jóhannesar.
- c. T2035 *Ómar dreymir oft að hann sé í sólbaði.*
Ég dreymi aldrei neitt.
- d. T2045 *Soffia kom með þennan kött frá Englandi.*
Mig dreymir hann á hverri nótta.
- e. T2055 *Ég vaknaði í svitabaði.*
Mér dreymdi alveg hræðilegan draum.
- f. T2065 *Sumir sofa oft illa.*
 Ég sef venjulega vel og **dreymi** fallega drauma.
- g. T2075 *Sigfús fær oft martröð og vaknar um miðja nótta.*
 Ég sef alltaf mjög fast og **dreymir** aldrei neitt.
- h. T2082 *Það gekk mikil á í Hafnarfirði í nótta.*
 Það var ofsarok og **einn togarinn** rak upp í fjöru.
- i. T2092 *Tommi trillukarl varð fyrir tjóni um helgina.*
 Það var bijálað veður og **trilluna** hans rak á land.
- j. T2102 *Málið var aldrei afgreitt á þinginu.*
Tillöguna dagaði uppi hjá einhverri þingnefnd.
- k. T2112 *Ég veit ekki af hverju þetta var ekki samþykkt.*
Tillagan hefur líklega dagað uppi á þinginu.
- l. N0621 **Hana/Henni/Hún** hafði dreymt svo hræðilegan draum.
- m. N0712 **Henni** hafði dreymt svo hræðilegan draum.

Eins og sjá má er hér nokkur skörun við þágufallshneigðina, sbr. að sögnin *dreyma* er þekkt fyrir að taka þágufallsfrumlag í máli sumra, auk nefnifallsfrumlags og hins hefðbundna þolfallsfrumlags (sjá líka umræðu í 4. kafla).

7.1.3 Andlagsfall

Ákveðið var að kanna líka tilbrigði í andlagsfalli þótt þau hafi ekki vakið eins mikla athygli eða eins hörð viðbrögð í samféluginu og sum dæmi um tilbrigði í frumlagsfalli. Ein ástæðan var vaxandi áhugi á því að finna reglur um „verkaskiptingu“ þolfalls og þágufalls á andlögum. Þolfall er greinilega hið sjálfgefna andlagsfall (formgerðarfall andlags) en ýmislegt bendir til þess að þágufall á andlagi sé reglulegra og

² Í færeysku hefur nefnifall breiðst út til ýmissa sagna sem áður töku þágufallsfrumlag, svo sem *dáma* ‘líka’, sbr. Höskuld Þráinsson o.fl. 2012:257, Jóhannes Gísla Jónsson og Þórhall Eyþórsson 2005, 2011, Höskuld Þráinsson 2015 og rit sem pessir höfundar vísa til.

fyrirsegjanlegra en áður hafði verið talið (sjá t.d. Jóhönnu Barðdal 2001, 2008; Maling 2002, Svenonius 2002, Jóhannes Gísla Jónsson 2003, 2005, 2009a, 2013). Því voru eftirfarandi tilbrigði í andlagsfalli skoðuð (sjá líka Höskuld Þráinsson o.fl. 2013):

- (7.6) a. þf./þgf. með *framlengja, faxa*
b. þf./þgf. með *negla, hamra* og *slá* (í íþróttamáli)
c. þf./þgf. með *rústa*
d. þf./þgf./ef. með *þora, flýta, nenna* og *skeina*
e. þf.-ef./þf.-þf. með *spyrja*

Í (7.7) eru sýndar þær dæmasetningar þar sem andlagsfall kom við sögu (TK1 merkir að þáttakendur hafi verið beðnir að velja á milli tveggja kosta í Könnun 1):

- (7.7) a. TK1.2 *Eigendumum brá í brún þegar þeir komu heim.*
Leigjendurnir höfðu rústað **ibúðina/ibúðinni**.
b. TK1.23 *Verktakinn er öskureiður.*
Borgin ætlar ekki að framlengja **samninginn/samningnum**.
c. T2002 *Tölvutæknin hefur valdið byltingu.*
Fólk þarf sjaldan að faxa **eyðublöðum** lengur.
d. T2012 *Petta var glæsilegt mark.*
Sóknarmaðurinn negldi **boltanum** í netið.
e. T2022 *Jóhanna skoraði sérlega glæsilegt mark.*
Hún negldi **boltann** í markið af löngu færi.
f. T2032 *Eiður skildi ekki verkefnið.*
Hann vildi spyrja kennarann **eina spurningu**.
g. T2042 *Lögreglubjónnim kom strax á vettvang.*
Hann spurði vitnið **nokkurra spurninga** og fór svo.
h. T2052 *Blaðamennirnir höfðu lítinn áhuga á málínus.*
Þeir spurðu ráðherrann samt **einnar spurningu**.
i. T2054 *Íbúðin var ónýt þegar eigendurnir komu heim.*
Leigjendurnir höfðu rústað **hana**.
j. T2062 *Vertu ekki að hanga lengur yfir þessu.*
Kláraðu verkefnið og flýttu **pér** svo heim.
k. T2064 *Byggingarnar voru ónýtar eftir innrásina.*
Herinn hafði rústað **peim**.
l. T2072 *Klukkan er orðin níu.*
Kláeddu þig strax og reyndu að flýta **pín** í vinnuna.
m. T2074 *Haukar duttu snemma út úr bikarkeppninni.*
Skagamenn rústuðu **peim** í fyrstu umferð.
n. T2084 *Landsleikurim gegn Skotum varð aldrei spenndi.*
Íslendingar rústuðu **pá** með sex marka mun.
o. T2085 *Ég bað Kalla að hjálpa mér en hann þóttist ekki hafa tíma.*
Ég veit ekki **hvers** hann nennir eiginlega.
p. T2094 *Það er dýrt að leigja íbúð í miðbænum.*
Gíslí vill samt framlengja **leigusamningum**.
q. T2095 *Dögg hjálpar mér aldrei við húsverkin.*
Hún er voðalega löt og nennir **engu**.
r. T2104 *KA féll í aðra deild í fyrra.*
Liðið vildi samt framlengja **samninginn** við þjálfarann.

- s. T2105 *Krakkarnir fengu að skoða Bessastaði.*
Þór langaði að tala við forsetann en þorði **það** ekki.
- t. T2114 *Aron ætlað að sækja um vinnu.*
Hann þarf að faxa **umsóknina** í dag.
- u. T2115 *Strákarnir komu alltof seint í vinnuna.*
Óli átti að fara til verkstjórans en þorði **því** ekki.³
- v. N0619 Leigjendurnir höfðu rústað **ibúðina/ibúðinni**.
- x. N0625 Hún ætlað að spryja hann
eina spurningu/einnar spurningu/einnar spurningar.

Auk þessa var val á andlagsfalli með eftirtoldum sögnum prófað með því að láta þáttakendur velja á milli fallmynda í frásögn (sjá frásögnina **Úrslitaleikur** í viðauka en þar kemur m.a. fram að velja þurfti andlög með fleiri sögnum en þessum):

- (7.8) a. Strax á annari mínuitu hamraði hann **boltann/boltanum** í netið.
- b. Á eftir hljóp hann að hornfánanum og þóttist skeina **sig/sér/sín** á honum.
- c. Stuttu seinna braut hann aftur af sér með því að slá **boltann/boltanum** yfir marklínuna.
- d. en dómarinn virtist ekki þora **það/því/pess**
- e. þegar hann nennir **það/því/pess**
- f. því að hann þurfti að flýta **sig/sér/sín** til að ná flugi

Eins og sjá má er þetta býsna fjölbreyttur hópur sagna. Eins og bent hefur verið á gætir samsvarandi tilhneicingar ekki í færeysku (sjá t.d. Jóhannes Gísla Jónsson 2009a, Höskuld Þráinsson 2015).

7.1.4 Fallglötun og fallflutningur

Tilbrigði í frumlagsfalli og andlagsfalli eru nátengd ákveðnum sögnum, sagnaflokkum eða merkingarhlutverkum (sjá t.d. umræðu hjá Jóhannesi Gísla Jónssyni 2005, 2009a og í ritum sem þar er vísað til). Í Tilbrigðakönnuninni var hins vegar einnig litið á tilbrigði sem tengjast ákveðnum setningagerðum. Hér er annars vegar um það að ræða að fornafnið *það* glati falli sínu þegar það er kjarnafært (þ.e. flatt fremst í setningu) og hins vegar að höfuðorð tilvísunarsetningar þiggi fall sitt frá fallvaldi sem stendur innan tilvísunarsetningarinnar. Við höfum kallað þetta **fallglötun** annars vegar og **fallflutning** hins vegar. Þær dæmasetningar sem hér voru prófaðar eru sýndar í (7.9) (hér tákna TK3 að um sé að ræða val á milli tveggja kosta í Könnun 3 og L3 táknað að setningin sé ein af þeim sem var spiluð af diskri fyrir þáttakendur í Könnun 3, sbr. lýsingar á rannsóknaraðferðum í 2. kafla):

- (7.9) a. TK3.3 *Heldur þú að það verði einhver skíðasnjór í vetur?*
Það/Því býst ég ekki við.
- b. L3.14 *Löggreglan er búin að upplýsa málið.*
Listaverkin sem var stolið eru óskemmd.
- c. T3031 *Menn halda bara duglegustu starfsmönnunum.*
Aðra sem menn fá eru reknir.
- d. T3054 *Petta var griðarlega mikið tjón.*
Listaverkunum sem var stolið eru ómetanleg.

³ Í frágangi spurningalistans fél að niður úr þessari setningu og því var henni sleppt í úrvinnslu.

- e. T3066 *Samkeppnin á fjölmíðlamarkaðnum er mjög hörð.*
Blaði sem dreift er ókeypis hefur sterka stöðu.
- f. T3083 *Þessi útværpsstöð er öllum opin.*
Þeim sem liggur mikið á hjarta fá tækifæri hér.
- g. T3093 *Menn þurfa ekkert að vera hissa á þessu.*
Þeir uppskera bara **því** sem sáð var.

Eins og sjá má af því sem er rakið hér að framan voru könnuð býsna mörg atriði sem varða fallmörkun eða fallstjórn og þau eru ekki öll nátengd. Nú verður gefið yfirlit yfir helstu niðurstöður varðandi þau úr könnunum. Sum af þessum atriðum koma við sögu í síðari köflum (sjá einkum 20., 22. og 28. kafla) en margir þættir biða nánari skoðunar og skýringar í sérathugunum.

7.2 Þágufallshneigð

7.2.1 Almennt yfirlit

Hér verður fyrst gefið almennt yfirlit yfir niðurstöður úr yfirlitskönnunum og þá er miðað við alla landshluta og alla aldurshluta tekna saman.

Þegar rætt er um þágufallshneigð er algengast að sagnirnar *langa* og *vanta séu* nefndar til sögunnar. *Tafla 7.1* sýnir mat þátttakenda á þágufallsfrumlagi og þolfallsfrumlagi með þessum sögnum í fimm setningum:⁴

| Númer | Setning | já | ? | nei |
|----------|---|-------------|------|-------------|
| a. T2081 | Hún spurði hvort mig vantaði ekki umslög. | 92,1 | 4,3 | 3,6 |
| b. T2091 | Hann spurði hvort mér vantaði ekki lán. | 27,3 | 16,1 | 56,6 |
| c. T2031 | Strákana langar til að taka þátt í spurningakeppninni. | 88,3 | 6,1 | 5,6 |
| d. T2041 | Strákunum langar til að fara með honum. | 68,2 | 9,8 | 22,0 |
| e. T2005 | Okkur Þorvaldi langar að fara á þorrablót. | 68,5 | 10,4 | 21,1 |

Tafla 7.1: Dæmi um mat á aukafallsfrumlagi með sögnum vanta og langa.

Þrennt vekur athygli í þessari töflu. Í fyrsta lagi sýnir hún að í heildina fá dæmin með þolfallsfrumlagi betri dóma en samsvarandi setningar með þágufallsfrumlagi (sbr. a á móti b, c á móti d). Í öðru lagi samþykkja mun færri þágufallsfrumlag i fyrstu persónu (*b-dæmið*) en þriðju persónu (*d-dæmið*) og það er í samræmi við fyrri kannanir á þágufallshneigð (sjá t.d. Ástu Svavarssdóttur 1982, Jóhannes Gísla Jónsson og Þórhall Eyþórsson 2003, Jóhannes Gísla Jónsson 2009b, Irisi Eddu Nowenstein 2012, 2014a, b og umræður í 4. kafla). Meirihluti þátttakenda hafnar dæminu með **mér** vantaði þótt talsvert stór hluti sé í vafa, en meirihluti þátttakenda samþykkir dæmið með **strákunum** langar. Loks er síðasta dæmið áhugavert því þar er frumlagið samsett (okkur **Þorvaldi**). Þar sést ekki fallið á fornafni fyrstu persónu (okkur) heldur aðeins á meðfylgjandi nafni (**Þorvaldi**) og setningin fær jafngóða dóma og dæmið með þriðju persónu frumlaginu **strákunum**. Þetta kom okkur ekki á óvart því við höfðum heyrirt dæmi á borð við e-setninguna (T2005).

⁴ Í þessari töflu og þeim sem hér fara á eftir koma fram þau númer sem setningarnar höfðu í könnunum, eins og áður er nefnt. Þannig merkir T2081 setningu númer 81 í Tilbrigðakönnun 2, T3065 setningu númer 65 í Tilbrigðakönnun 3, N0611 dæmi númer 11 í Námsmatsstofnunar-könnun vorið 2006 o.s.frv. Dæmasetningarnar sem hér skipta máli má finna í (7.2) í kafla 7.1.1.

Eins og bent er á í 2. kafla er eðlilegt að samanlöögð prósentutala þeirra sem samþykkja tvö ólík tilbrigði (hér t.d. bæði þolfall og þágufall á frumlagi með *langa* og *vanta*) sé hærri en 50%. Það merkir einfaldlega að allmargir geta sætt sig við hvorn kostinn sem er. Slík tilbrigði (e. *intra speaker variation*) eru áreiðanlega algengari en oft er talið, bæði að því er varðar framburð og setningagerð. Það hefur komið fram í fjölmögum athugunum undanfarna áratugi (sjá t.d. Höskuld Þráinsson og Kristján Árnason 2001, Jóhannes Gísla Jónsson og Þórhall Eyþórsson 2005, Irisi Eddu Nowenstein 2012, Höskuld Þráinsson 2013). Þetta sést líka í ýmsum köflum í þessari bók, t.d. 4. og 20. kafla.

Sumar setningar af þessu tagu fengu aftur á móti lakari dóma en við bjuggumst við. *Tafla 7.2* sýnir slík dæmi:

| Númer | Setning | já | ? | nei |
|----------|---|-------------|------|------|
| a. T2051 | Hana langar sjálfa mest til Tyrklands. | 70,5 | 15,6 | 13,9 |
| b. T2101 | Siggi heldur að hana vanti ekki meiri föt. | 50,9 | 18,8 | 30,4 |
| c. T2111 | Hún heldur að honum vanti annan síma. | 55,7 | 10,0 | 34,3 |

Tafla 7.2: Dæmi um mat á aukafallsfrumlagi með sögnunum vanta og langa.

Í fyrsta lagi kemur tiltölulega lágt mat á *a*-dæminu á óvart. Í slikum tilvikum er skýringarinnar oft að leita í því að samhengið hefur ekki verið nógu eðlilegt, en það getur tæplega verið ástæðan hér (sjá (7.2i) hér framar). Hin þolfallssetningin í töflunni, *b*-dæmið, fær þó enn lakari dóma og m.a.s. verri en samsvarandi þágufallssetning (*c*-dæmið). Hluti af skýringunni virðist vera að margir þáttakendur sættu sig ekki við orðalagið *meiri föt* og vilja frekar *fleiri föt* eða þá *meira af fötum*. Um 35 athugasemdir voru gerðar um þetta (og fáeinir sögðu að þarna hefði frekar átt að standa *henni*). Eins virðist samhengið ekki hafa tryggt nægilega vel þann skilning sem átti að leggja í fornafnið *hana*. Samhengissetningin var *Gunna er að hugsa um að kaupa sér nýja kápu* og ætlast var til þess að *hana* vísaði til Gunnu. Einhverjir töldu samt að fornafnið ætti að vísa í frumlag aðalsetningarinnar (þ.e. til *Sigga*) og vildu breyta því í *hann* eða þá breyta *Siggi heldur ... í Sigga heldur ...* Þetta dæmi sýnir að athugasemdadálkurinn getur gefið gagnlegar upplýsingar og að margs er að gæta við frágang á dæmasetningum af þessu tagi.

Í *töflu 7.3* eru loks sýnd dæmi um setningar þar sem kannað var hvort þáttakendur samþykktu ósamræmi í falli milli aðalarðs og ákvæðisorðs frumlags og samanburður við dóma fyrir aðrar sambærilegar setningar sýnir að þetta ósamræmi hafði áhrif og þessar setningar fengu lakari dóma en samsvarandi setningar án þess:

| Númer | Setning | já | ? | nei |
|----------|---|-------------|------|-------------|
| a. T2061 | Hana langar sjálfri í nýja klippingu. | 48,2 | 15,5 | 36,3 |
| b. T2071 | Honum langar sjálfan meira til London. | 27,5 | 17,2 | 55,3 |

Tafla 7.3: Mat aukafallsfrumlagi með langa og ósamræmi í falli innan frumlags.

Þessar tölur sýna þó að þáttakendur hafna þessum dænum ekki algjörlega, kannski vegna einhvers konar óöryggis í meðferð sagna eins og *langa*, en einnig er hugsanlegt að þei hafi ekki tekið eftir ósamræminu og horft bara á fyrsta orðið. Þess vegna væri fróðlegt að bera mat á þeim saman við dæmi með slíku ósamræmi í setningum þar sem sögnin tekur nefnifallsfrumlag (t.d. *Hún vill sjálfri ekki fara með*).

Sagnirnar *hlakka til* og *kvíða fyrir* eru dálitið sér á báti þar sem hefðbundið frumlagsfall þeirra er nefnifall (ég *hlakka til/kvíði fyrir*). Þátttakendur í T2 voru hins vegar ekki beðnir að meta neinar setningar með *kvíða fyrir* þar sem vitað er að sumir nota beygingarmyndina *kvíður* þar sem aðrir hafa *kvíðir* og það gæti haft áhrif á dóma með þessari sögn. Þess vegna var hún aðeins prófuð í eyðufyllingu í T2). *Tafla 7.4* sýnir hins vegar hvað þátttakendur í Námsmatsstofnumar-könnuninni vorið 2006 (N06) töldu að setning með sögninni *kvíða fyrir* merkti:

| Númer | Setning | ‘Hún hafði miklar áhyggjur ...’ | ‘Hann hafði miklar áhyggjur ...’ |
|-------|---|---------------------------------|----------------------------------|
| N0626 | Helga kveið rosalega mikið fyrir tónleikunum. | 45,4% | 54,6% |

Tafla 7.4: Tulkun setningar með sögninni kvíða fyrir.

Spurt var hvort dæmasetningin merkti ‘Hún hafði miklar áhyggjur af tónleikunum’ eða ‘Hann hafði miklar áhyggjur af tónleikunum.’ Taflan sýnir að meirihluti þátttakenda (um helmingur var úr Reykjavík og helmingur utan af landi) taldi að það væri drengurinn *Helgi* en ekki stúlkan *Helga* sem kveið fyrir tónleikunum, þ.e. þessir þátttakendur (54,6%) skildu setninguna eins og í henni væri aukafallsfrumlag (þf. eða þgf.). Spurningar af svipuðu tagi munu hafa verið notaðar nokkrum sinnum á samræmdum prófum svo nemendur hafa kannski verið viðbúmir þessu að einhverju leyti, því vitað er að kennrarar bjuggu nemendur oft undir samræmd próf með því að fara yfir gömul próf. Það kann að skýra þá staðreynd að hér túlkuðu 45,4% þátttakenda setninguna eins og í henni væri nefnifallsfrumlag en aðeins 16,8% úr yngsta aldurshópnum völdu nefnifallsfrumlag í eyðufyllingarverkefni með *kvíða fyrir* í Könnun 2 (sjá *töflu 7.15* hér á eftir).

Í *töflu 7.5* er gefið yfirlit yfir mat á setningum með mismunandi frumlagsfalli fyrir *hlakka til*:

| Númer | Setning | já | ? | nei |
|----------|--|------|------|------|
| a. T2001 | Hún hlakkar mikið til. | 48,6 | 12,8 | 38,6 |
| b. T2011 | Hana hlakkar alltaf mikið til jólanna. | 59,7 | 10,0 | 30,3 |
| c. T2111 | Honum hlakkar til að komast loksins heim. | 44,2 | 11,8 | 44,0 |

Tafla 7.5: Mat á nefnifalls-, þolfalls- og þágufallsfrumlagi með sögninni hlakka til.

Í *töflu 7.5* sést að þolfallið fær besta dóma og hið hefðbundna nefnifallsfrumlag litlu betri dóma en þágufallið þegar tekið er meðaltal fyrir alla þátttakendur.

Sagnirnar *minna* og *dreyma* eru sjaldnar nefndar til sögunnar þegar rætt er um þágufallshneigð. Þó má finna dæmi um þágufallsfrumlög með þeim, auk hins hefðbundna þolfalls.⁵ Mat þátttakenda á slíkum tilbrigðum er sýnt í *töflu 7.6*:

⁵ Þegar þetta er ritað gefur leitarforritið Google 1320 dæmi um *mér dreymdi* á Netinu og 1260 dæmi um *mér minnti að*. Sjá líka Halldór Halldórsson 1982:164–165 og umræðu í 4. kafla.

| Númer | Setning | já | ? | nei |
|----------|---|-------------|------|-------------|
| a. T2015 | Hana minnti að þeir væru á borðinu. | 84,8 | 7,4 | 7,8 |
| b. T2025 | Henni minnti að hann héti Ragnar. | 35,9 | 12,7 | 51,5 |
| c. T2045 | Mig dreymir hann á hverri nótta. | 89,0 | 6,2 | 4,8 |
| d. T2055 | Mér dreymdi alveg hræðilegan draum. | 49,5 | 7,5 | 43,0 |
| e. N0712 | Henni hafði dreymt svo hræðilegan draum. | 55,2 | 22,1 | 22,7 |

Tafla 7.6: Mat á þolfalls- og þágufallsfrumlagi með sögnunum minna og dreyma.

Hér samþykkja flestir hið hefðbundna þolfall, en samt telur um helmingur þáttakenda í Könnun 2 þágufallsfrumlag með *dreyma* eðlilegt mál (*d-dæmið*) og heldur fleiri í könnun Námsmatsstofnunar, en hún náði aðeins til þáttakenda úr yngsta aldurshópnum.

Auk þess að meta setningar með sögnum af því tagi sem hér eru á dagskrá voru þáttakendur í Könnun 2 líka beðnir að fylla inn í eyðour í frásögn, eins og áður var nefnt. Meginmarkmiðið með þeirri eyðufyllingu var að skoða hvaða frumlagsfall þeir veldu með sögnum eins og *hlakka til*, *kviða fyrir*, *langa*, *dreyma*, *vanta* og *minna*, þótt eyðurnar væru annars af ýmsu tagi til þess að dreifa athygli þáttakenda (sjá frásögnina **Veiðiferðin** í viðauka og umræður í 2. og 4. kafla hér á undan). Með þessu var reynt að brjóta skriflegu könnunina upp og draga úr einhæfni hennar, en um leið þótti forvitnilegt að bera þessar aðferðir saman (sjá umræðu um aðferðir í 2. og 4. kafla), en þær prófa í raun ekki nákvæmlega það sama (sjá einkum umræðu og rökstuðning í kafla 2.3). Í töflu 7.7 er sýnt yfirlit yfir val þáttakenda á frumlagsfalli í Könnun 2:

| Val á frumlagsfalli | | | | |
|---------------------|--|------|-------------|------|
| Sögn | Eyðufylling | nf. | þf. | þgf. |
| <i>hlakka til</i> | __ hlakkar mikilvægt til sumarsins | 29,0 | 41,4 | 29,6 |
| <i>kviða fyrir</i> | __ kviðir samt dálitið fyrir sjóveikinni | 36,2 | 36,6 | 27,2 |
| <i>langa</i> | __ langar ekkert til að æla í ferðinni | 0,9 | 79,9 | 19,2 |
| <i>dreyma</i> | dreymir __ bara þorska og net | 4,7 | 80,7 | 14,6 |
| <i>vanta</i> | __ vantar gemsann sinn | 0,5 | 71,7 | 27,8 |
| <i>minna</i> | __ minnir að hann eigi að vera á borðinu | 5,5 | 76,3 | 18,2 |

Tafla 7.7: Val á frumlagi í eyðufyllingu með sögnum hlakka til, kviða fyrir, langa, dreyma, vanta og minna. Tölur úr Könnun 2.

Ef við lítum fyrst á sagnirnar *hlakka til* og *kviða fyrir* sjáum við að þar velja flestir þolfallið þótt hið hefðbundna frumlagsfall sé nefnifall (reyndar munar nú nánast engu á nefnifalli og þolfalli með *kviða fyrir*). Að því er *hlakka til* varðar er þetta í samræmi við það mat sem lýst er í töflu 7.5 að því leyti að þar fékk þolfallið besta dóma. Hins vegar eru prósentutölurnar hér lægri af því að hér urðu þáttakendur að velja eitt fall hverju sinni þannig að þeim gafst ekki kostur á því að sýna að þeir gætu sætt sig við eitthvert annað fall lika. Niðurstöður fyrir *kviða fyrir* má bera saman við val á milli kosta í N06 sem var lýst í töflu 7.4. Þar kom fram að meirihlutinn túlkaði tiltekna setningu í samræmi við það að *kviða fyrir* tæki frumlag í aukafalli en ekki nefnifalli, en þar var prósentan fyrir nefnifallið þó hærri en hér þótt aðeins væri verið að kanna skilning yngsta aldurshópsins.

Fyrir ópersónulegu sagnirnar í *töflu 7.7* velja mun fleiri polfall en þágufall í öllum tilvikum og það er í samræmi við þær niðurstöður úr mati á einstökum setningum sem var lýst í *töflum 7.1* og *7.6*. Þó hefði e.t.v. mátt búast við að fleiri veldu þágufallsfrumlag með *langa* miðað við það hversu hátt hlutfall velur það með *vanta* (og *hlakka til* og *kviða fyrir*).

Vegna þess að löngum hefur verið amast við þágufallshneigð í skólum hefði e.t.v. mátt vænta þess að þáttakendur vildu ekki viðurkenna að þeir teldu slíkar setningar eðlilegt mál þegar þeir væru beðnir að meta þær. Þess vegna er í sjálfu sér merkilegt að mun fleiri telja þágufallshneigðarsetningar eðlilegt mál en þeir sem velja þágufallið í eyðufyllingum (sbr. áðurnefndan samanburð á *töflum 7.1, 7.6* og *7.7*). Sú staðreynd að þáttakendur virðast ekki hafa látið algengt álit á þágufallshneigð hafa áhrif á dóma sína bendir til þess að þeir hafi svarað hreinskilnislega eins og beðið var um og ekki verið of uppteknir af hugmyndum um gott mál og vont.

7.2.2 *Tengsl við aldur, meintun og kyn*

7.2.2.1 Aldur

Í yfirlitinu hér á undan var litið á þáttakendahópinn í heild, en við höfðum rökstuddan grun um að þágufallshneigð gæti verið tengd aldri þótt vísbendingar séu um að hún hafi alllengi verið til í íslensku (sjá t.d. Heimi Frey Viðarsson 2009, Höskuld Þráinsson o.fl. 2015 og rit sem þessir höfundar vísa til). *Tafla 7.8* sýnir slík tengsl fyrir dæmigerðustu þágufallshneigðarsetningarnar sem fjallað var um hér á undan, auk þess sem þolfallsdæmi með *hlakka til* hefur verið bætt inn í til samanburðar (*b-dæmið*):


| Númer | Setning | 9. b | 20–25 | 40–45 | 65–70 | r | p | N |
|----------|---|-------------|-------------|-------|-------------|-------|------|------------|
| a. T2001 | Hún hlakkar mikið til. | 32,5 | 45,8 | 54,2 | 66,0 | -.211 | .000 | 740 |
| b. T2011 | Hana hlakkar alltaf mikið til jólanna. | 66,2 | 66,8 | 59,8 | 42,3 | .185 | .000 | 747 |
| c. T2021 | Honum hlakkar til að komast loksns heim. | 63,8 | 58,4 | 31,8 | 16,6 | .423 | .000 | 747 |
| d. T2005 | Okkur Þorvaldi langar að fara á þorrablót. | 74,5 | 75,7 | 69,6 | 50,6 | .214 | .000 | 750 |
| e. T2041 | Strákunum langar til að fara með honum. | 79,6 | 78,0 | 66,7 | 43,8 | .309 | .000 | 751 |
| f. T2091 | Hann spurði hvort mér vantaði ekki lán. | 46,9 | 35,1 | 15,4 | 7,5 | .374 | .000 | 752 |
| g. T2111 | Hún heldur að honum vanti annan síma. | 79,9 | 71,4 | 43,6 | 20,0 | .459 | .000 | 747 |
| h. T2025 | Henni minnti að hann héti Ragnar. | 39,5 | 43,3 | 33,7 | 24,5 | .152 | .000 | 750 |
| i. T2055 | Mér dreymdi alveg hræðilegan draum. | 62,6 | 47,8 | 45,5 | 40,5 | .177 | .000 | 748 |

Tafla 7.8: Jákvætt mat á helstu dænum með þágufallsfrumlagi, flokkað eftir aldri.

Eins og sjá má af *töflu 7.8* er fylgni þágufallshneigðar við aldur mjög greinileg í heild og alls staðar mjög vel marktað: *p*-gildið er alls staðar minna en 0,001, sem

merkir að líkurnar á því að þessar niðurstöður séu tilviljun eru í öllum tilvikum minni en 1% (það má eins orða það svo að það séu 99,9% líkur til að niðurstaðan sé ekki tilviljun, sjá umræðu um helstu tölfræðihugtök í kafla 6.2 og skýringar á þeim). Fylgnistuðullinn r er nokkuð mismunandi frá einu dæmi til annars. Í fyrsta lagi er hann neikvæður fyrir a -dæmið, en það stafar af því að þar var það elsti hópurinn sem var jákvæðastur og sá yngsti neikvæðastur. Í öllum hinum tilvikunum er stuðullinn jákvæður og það merkir að þar voru það yfirleitt yngri hóparnir sem voru jákvæðari gagnvart dæmunum, en reyndar er yfirleitt frekar lítt munur á tveim yngstu aldurshópunum, eins og taflan sýnir. Minnst er svo fylgnin við aldur fyrir sagnirnar *minna* og *dreyma* (h - og i -dæmin) og hún er einnig tiltölulega lítl fyrir þolfallsdæmið (b -dæmið).

Þessi fylgni milli aldurs málhafanna og þágufallshneigðar er sýnd á myndrænni hátt á eftirfarandi súluriti (mynd 7.1). Þar hefur verið reiknuð út nokkurs konar meðaleinkunn fyrir hvem aldurshóp fyrir öll umrædd dæmi með *langa*, *vanta* og *hlakka til* þar sem beðið var um mat á þágufallsfrumlagi, þ.e. dæmi c, d, e, f, g í töflu 7.8 (setningar T2021, T2005, T2041, T2091 og T2111) og súlurnar sýna þessar meðaleinkunnir.⁶



Mynd 7.1: Tengsl þágufallshneigðar með langa, vanta og hlakka til við aldur — meðaleinkunn fyrir dæmi c, d, e, f, g í töflu 7.8.

Hér sést að tiltölulega lítt munur er á tveim yngstu aldurshópunum en elsti hópurinn samþykkir þessar setningar langsíst. Þetta bendir til þess að þágufallshneigð sé í sókn og hafi verið það alllengi.⁷ Heildarfylgnin (r) við aldur mælist hér $-0,484$ (neikvæð af því að hér táknað hæsta meðaleinkunnin mest samþykki en yngsti aldurshópurinn er

⁶ Athugið að hér hefur skalnum verið smúið þannig að meðaleinkunnin 3 myndi merkja að allir þáttakendur í viðkomandi aldurshóp hefðu talið öll dæmin eðlileg og meðaleinkunnin 1 merkja að allir hefðu talið þau ótæk.

⁷ Þetta felur þá í sér að súlurnar séu taldar benda til málbreyingar í **sýndartíma** (e. *apparent time*), þ.e. breytingar sem heldur áfram kynslóð fram af kynslóð, en séu ekki merki um **aldursbindingu** (e. *age grading*), þ.e. málfarsein kenni sem „eldist af mönnum“. Ef yngsti aldurshópurinn skæri sig úr gæti það verið rétt túlkun (þ.e. þá væri um einhvers konar unglingsmál að ræða sem málhafar legðu síðan af) en varla þegar munurinn spannar allar kynslóðir. Sjá umræðu um þessi hugtök og fleiri tengd þeim hjá Höskuldi Þráinssyni, Ástu Svavarssdóttur o.fl. 2013 og í ritum sem þar er vísað til.

auðkenndur með lægsta tölugildinu). Fylgnin er mjög vel marktæk ($p = 0,000$).⁸ Svipuð niðurstöða fæst með því að bera meðaltölun saman og beita F-prófi (ANOVA, $F_{(3, 751)} = 80,622, p = 0,000$).

Niðurstöður úr **eyðufyllingunni** í Könnun 2 gefa mjög svipaða mynd af tengslum milli aldurs þáttakenda og þágulfallshneigðar með þeim sögnum sem hér eru á dagskrá. Þetta má í fyrsta lagi sjá með því að skoða hlutfallstörlur fyrir val á þágulfallsfrumlagi með þessum sögnum (og þolfallsfrumlagi með *hlakka til* og *kviða fyrir*) í einstökum aldurshópum. Þá kemur í ljós mjög skýr fylgni milli vals á frumlagsfalli og aldursflokka, eins og sést í *töflu 7.9* (sbr. *töflu 7.7*).⁹

| Sögn | Frumlagsval | 9. b | 20–25 | 40–45 | 65–70 | p |
|----------------------------|--|-------------|-------------|-------|-------------|------|
| <i>hlakka til</i> m. nf. | hún hlakkar mikið til ... | 15,2 | 27,5 | 31,6 | 45,2 | |
| <i>hlakka til</i> m. þf. | hana hlakkar mikið til ... | 38,6 | 47,0 | 44,6 | 33,8 | .000 |
| <i>hlakka til</i> m. þgf. | henni hlakkar mikið til ... | 46,2 | 25,5 | 23,8 | 21,0 | |
| <i>kviða fyrir</i> m. nf. | hún kviðir samt dálitið fyrir ... | 16,8 | 27,5 | 37,4 | 71,1 | |
| <i>kviða fyrir</i> m. þf. | hana kviðir samt dálitið fyrir ... | 44,7 | 40,0 | 41,0 | 16,4 | .000 |
| <i>kviða fyrir</i> m. þgf. | henni kviðir samt dálitið fyrir ... | 38,6 | 32,5 | 21,5 | 12,5 | |
| <i>langa</i> m. þgf. | henni langar ekkert til ... | 35,0 | 17,6 | 9,8 | 13,2 | .000 |
| <i>vanta</i> m. þgf. | henni vantar gemsann sinn ... | 43,7 | 35,5 | 15,5 | 13,3 | .000 |
| <i>dreyma</i> m. nf. | dreymir hún bara þorska ... | 10,7 | 2,0 | 3,6 | 1,9 | |
| <i>dreyma</i> m. þf. | dreymir hana bara þorska ... | 67,3 | 78,3 | 87,2 | 92,5 | .017 |
| <i>dreyma</i> m. þgf. | dreymir henni bara þorska ... | 21,9 | 19,7 | 9,2 | 5,6 | |
| <i>minna</i> m. þgf. | henni minnir að ... | 17,3 | 21,1 | 17,4 | 16,5 | .054 |

Tafla 7.9: Yfirlit yfir val á frumlagi í eyðufyllingu fyrir *hlakka til*, *kviða fyrir*, *langa*, *vanta*, *dreyma* og *minna*, flokkað eftir aldri.

Þessa töflu má t.d. bera saman við *töflu 7.8* hér framar. Sé það gert, kemur í ljós að mynstrið er mjög líkt: Elsti hópurinn er så sem velur oftast nefnifall með *hlakka til* og það var líka hann sem mat sliðar setningar hæst. Næstyngsti hópurinn er så sem velur oftast þolfall með *hlakka til* og það var líka hann sem mat sliðar setningar hæst. Síðan er það yfirleitt yngsti hópurinn sem oftast velur þágulfallsfrumlag með þessum sögnum, eða þá så næstyngsti, og það voru líka þeir hópar sem voru líklegastir til að telja þágulfallsfrumlag eðlilegt í setningum með þessum sögnum. Þetta samræmi bendir til þess að báðar aðferðirnar hafi verið að skila traustum niðurstöðum þótt þær mæli ekki nákvæmlega það sama (sjá umræðu um aðferðir í 2. kafla). Fylgni þessa vals við aldur er síðan mjög vel marktæk þegar *hlakka til*, *kviða fyrir*, *langa* og *vanta* eiga í hlut. Hún er hins vegar ekki marktæk fyrir *minna* og aðeins marktæk við $p \leq 0,05$ markið fyrir *dreyma*, en það voru líka dólmarnir um setningar með þessum sögnum sem sýndu minnsta fylgni við aldur í *töflu 7.8*.

⁸ Eins og bent er á kafla 6.2 er oft sagt að í könnunum af þessu tagi sé fylgni **lítill** ef fylgnistuðull nær $+/-0,1$, í **meðallagi** ef hann nær $+/-0,3$ en **mikil** ef hann nær $+/-0,5$ (sbr. Field 2005:32).

⁹ Hér er bara ein marktæknitala fyrir hverja sögn því hver sögn kom bara einu sinni fyrir í eyðufyllingarverkefni og þáttakendur þurftu þar að velja tiltekna orðmynd.

7.2.2.2 Menntun

Þegar fylgni við menntun er skoðuð þarf að gæta að hugsanlegri víxlverkun milli menntunar og aldurs eins og rakið er í kafla 6.3: Yngsti aldurshópurinn hefur ekki átt kost á öðru en grunnskólamenntun. *Tafla 7.10* sýnir fylgni milli þágufallshneigðar og menntunar þegar yngsta aldurshópnum hefur verið sleppt úr til þess að koma í veg fyrir að „menntunarskortur“ hans skekki niðurstöðurnar:¹⁰

| Númer | Setning | grsk | frhsk | hásk | N | r | p |
|----------|---|-------------|-------------|-------------|-----|-------|-------------|
| a. T2001 | Hún hlakkar mikið til. | 54,3 | 49,2 | 71,1 | 463 | -.108 | .020 |
| b. T2011 | Hana hlakkar alltaf mikið til jólanna. | 62,0 | 60,3 | 39,6 | 467 | .144 | .002 |
| c. T2021 | Honum hlakkar til að komast loksins heim. | 43,5 | 40,7 | 18,9 | 467 | .166 | .000 |
| d. T2005 | Okkur Þorvaldi langar að fara á þorrablot. | 63,1 | 71,7 | 48,4 | 468 | .080 | .076 |
| e. T2041 | Strákunum langar til að fara með honum. | 67,2 | 65,6 | 52,7 | 469 | .101 | .029 |
| f. T2091 | Hann spurði hvort mér vantaði ekki lán. | 22,1 | 24,2 | 9,9 | 470 | .118 | .011 |
| g. T2111 | Hún heldur að honum vanti annan síma. | 51,1 | 51,6 | 33,7 | 470 | .101 | .029 |
| h. T2025 | Henni minnti að hann héti Ragnar. | 37,4 | 37,5 | 24,4 | 469 | .096 | .039 |
| i. T2055 | Mér dreymdi alveg hræðilegan draum. | 51,9 | 42,1 | 38,9 | 468 | .101 | .028 |

Tafla 7.10: Jákvætt mat á setningum með hlakka til, langa, vanta, minna og dreyma, flokkað eftir menntun þátttakenda. Yngsta aldurshóp sleppt.

Taflan sýnir að þeir sem hafa mesta menntun eru ólíklegastir til að nota óhefðbundið fall með þessum sögnum og líklegastir til að nota hið hefðbundna nefnifall með sögninni *hlakka til*. Ef við berum tölugildin fyrir fylgnistuðul og marktækni (*r*-gildið og *p*-gildið) í þessari töflu saman við samsvarandi tölur í *töflu 7.8* sjáum við að fylgnin við menntun hér er mun minni en fylgnin við aldur í *töflu 7.8..*¹¹ En þótt fylgnin hér nái því hvergi að geta talist „í meðallagi“ (þ.e. nái ekki 0,3 markinu) er hún þó mjög vel marktæk í dæmunum með *hlakka til* með aukafalli (*p* = 0,002 og 0,000). Í flestum öðrum tilvikum er fylgnin marktæk við $p \leq 0,05$ markið.

Ef litið er á fylgni menntunar við **val** á frumlagsfalli í eyðufyllingarhlutanum kemur í ljós að þar eru tengslin skýr þegar sagnirnar *hlakka til*, *kvíða fyrir* og *dreyma* eiga í hlut en að öðru leyti er fylgni við menntun tiltölulega óljós. Þetta er sýnt í *töflu 7.11* sem er sambærileg við *töflu 7.9* að öðru leyti en því að hér er yngsta aldurshópnum sleppt eins og í *töflu 7.10*:

¹⁰ Eins hefði mátt útiloka áhrif aldurs með því að láta forritið reikna út svokallaða **hlutfylni** (e. *partial correlation*) eins og lýst er í kafla 6.3. Sú aðferð er stundum notuð í eftirfarandi köflum.

¹¹ Fylgnitölnar segja hér til um fylgni „einkunnagjafarinnar“ við menntunarflokkana. Þess vegna er fylgnistuðullinn oftast jákvæð tala hér af því að „eðlileg setning“ var kóðað sem „1“ í innslættimum í tölfraðiforritið og lægsta menntunarstigið (grunnskólamenntun eingöngu) sömuleiðis. Jákvæður fylgnistuðull merkir að þessi gildi fylgdust að að einhverju marki, sbr. umræðu og skýringar í kafla 6.2.

| Sögn | Frumlagsval | grsk | frhsk | hásk | p |
|----------------------------|--|-------------|-------------|-------------|-------|
| <i>hlakka til</i> m. nf. | hún hlakkar mikið til ... | 23,1 | 34,8 | 54,9 | |
| <i>hlakka til</i> m. þf. | hana hlakkar mikið til ... | 48,5 | 42,1 | 31,9 | .000 |
| <i>hlakka til</i> m. þgf. | henni hlakkar mikið til ... | 28,5 | 23,1 | 13,2 | |
| <i>kviða fyrir</i> m. nf. | hún kviðir samt dálitið fyrir ... | 40,9 | 38,1 | 57,1 | |
| <i>kviða fyrir</i> m. þf. | hana kviðir samt dálitið fyrir ... | 29,1 | 38,9 | 33,0 | .001 |
| <i>kviða fyrir</i> m. þgf. | henni kviðir samt dálitið fyrir ... | 29,9 | 23,1 | 9,9 | |
| <i>langa</i> m. þgf. | henni langar ekkert til ... | 14,7 | 15,4 | 8,8 | -.087 |
| <i>vanta</i> m. þgf. | henni vantar gomsann sinn ... | 24,0 | 25,9 | 11,0 | -.086 |
| <i>dreyma</i> m. nf. | dreymir hún bara þorska ... | 2,3 | 1,2 | 7,7 | |
| <i>dreyma</i> m. þf. | dreymir hana bara þorska ... | 82,3 | 85,8 | 89,0 | .001 |
| <i>dreyma</i> m. þgf. | dreymir henni bara þorska ... | 15,4 | 13,0 | 3,3 | |
| <i>minna</i> m. þgf. | henni minnir að ... | 14,1 | 21,1 | 12,1 | .571 |

Tafla 7.11: Val á frumlagsfalli með *hlakka til*, *kviða fyrir*, *langa*, *vanta*, *dreyma* og *minna*, flokkað eftir menntun þáttakenda. Ýngsta aldurshóp sleppt.

Skýrustu línurnar hér eru þær að þeir sem mesta menntun hafa eru líklegastir til að velja hið hefðbundna nefnifall með *hlakka til* og *kviða fyrir*. Þeir eru líka mjög ólíklegrir til að velja þágufall með *dreyma*. Af þessu leiðir að það er marktæk fylgni milli vals á frumlagi og menntunar þáttakenda. Í öðrum tilvikum sýnir þessi tafla ekki marktæka fylgni við menntun. Þetta þarf ekki að koma á óvart miðað við það sem kom fram í *töflu 7.10* því þar mátti sjá að mat á frumlagsfalli með *langa*, *vanta* og *minna* sýndi ekki sterka fylgni við menntun þáttakenda. Það er helst munur á niðurstöðum varðandi *dreyma*. Ekki liggur í augum uppi af hverju hann stafar, en dæmin eru reyndar ekki vel sambærileg þar sem matið í *töflu 7.10* byggðist á einu dæmi með frumlagi í 1. persónu en í *töflu 7.11* átti að velja fornafn 3. persónu.

Með hliðsjón af fyrri könnunum er líka forvitnilegt að skoða hvort einhver tengsl eru milli þágufallshneigðar hjá yngsta aldurshópnum og **menntunar foreldra** (sjá t.d. umræðu hjá Ástu Svavarsdóttur 1982 og Ástu, Gísla Pálssyni og Þórólfri Þórlindssyni 1984 í tengslum við þágufallshneigð, svo og hjá Sigríði Sigurjónsdóttur og Joan Maling 2001 í sambandi við nýju þolmyndina). Þetta er sýnt í *töflum 7.12* og *7.13* þar sem taldar eru sömu setningar og hafa verið til skoðunar hér framar, t.d. í *töflum 7.8* og *7.10* (dómar um setningar með *hlakka til*, *langa*, *vanta*, *minna* og *dreyma*). Þar kemur fram að fylgni þessara dóma við menntun móður er nánast engin en fylgnin við menntun föður er tölfræðilega marktæk við $p \leq 0.05$ markið í þrem tilvikum, þ.e. fyrir þágufall með *hlakka til* og *vanta*: Því meiri sem menntun föður er, því ólíklegra er að þáttakendur í yngsta hópnum noti þágufallsfrumlag með þessum sögnum:¹²

¹² Hér er vert að benda á að þar sem mun færri þáttakendur eru í þessu úrtaki (þeir eru bara úr yngsta hópnum) en þeim sem við höfum verið að skoða fram að þessu þarf fylgni að vera meiri til þess að mælast tölfræðilega marktæk (sbr. umræðu um tölfræðihugtök í kafla 6.2). Þess vegna er yfirleitt ekki vakin sérstök athygli á því (með feitletrun) í töflum þótt p -gildi sé $\leq 0,05$ þegar verið er að skoða allan hópinn en það er gert í töflunum sem hér eru til skoðunar.

| | | Menntun móður | | | | | |
|-------|---|---------------|-------------|-------------|-----|-------|------|
| Númer | Setning | grsk | frhsk | hásk | N | r | p |
| a. | T2001 Hún hlakkar mikið til. | 41,8 | 19,7 | 42,3 | 168 | -.030 | .704 |
| b. | T2011 Hana hlakkar alltaf mikið til jólanna. | 52,6 | 77,0 | 60,8 | 169 | -.079 | .200 |
| c. | T2021 Honum hlakkar til að komast loksins heim. | 61,4 | 67,2 | 56,9 | 169 | .004 | .955 |
| d. | T2005 Okkur Þorvaldi langar að fara á þorrablót. | 70,2 | 82,0 | 67,3 | 170 | .042 | .590 |
| e. | T2041 Strákunum langar til að fara með honum. | 75,4 | 78,7 | 80,4 | 169 | -.048 | .536 |
| f. | T2091 Hann spurði hvort mér vantaði ekki lán. | 49,1 | 47,5 | 38,5 | 170 | .079 | .309 |
| g. | T2111 Hún heldur að honum vanti annan síma. | 82,5 | 80,3 | 74,0 | 168 | .025 | .744 |
| h. | T2025 Henni minnti að hann héti Ragnar. | 39,3 | 42,6 | 33,3 | 168 | .018 | .820 |
| i. | T2055 Mér dreymdi alveg hræðilegan draum. | 66,7 | 60,7 | 54,9 | 169 | .111 | .152 |

Tafla 7.12: *Jákvætt mat yngsta aldurshóps á setningum með hlakka til, langa, vanta, minna og dreyma, flokkað eftir menntun móður.*

| | | Menntun föður | | | | | |
|-------|---|---------------|-------------|------|-----|------|-------------|
| Númer | Setning | grsk | frhsk | hásk | N | r | p |
| a. | T2001 Hún hlakkar mikið til. | 42,9 | 25,9 | 38,1 | 165 | .076 | .334 |
| b. | T2011 Hana hlakkar alltaf mikið til jólanna. | 66,7 | 68,7 | 58,5 | 166 | .046 | .552 |
| c. | T2021 Honum hlakkar til að komast loksins heim. | 71,4 | 65,1 | 48,8 | 166 | .176 | .023 |
| d. | T2005 Okkur Þorvaldi langar að fara á þorrablót. | 73,8 | 73,5 | 71,4 | 167 | .060 | .423 |
| e. | T2041 Strákunum langar til að fara með honum. | 81,0 | 78,0 | 73,8 | 166 | .053 | .499 |
| f. | T2091 Hann spurði hvort mér vantaði ekki lán. | 61,9 | 43,4 | 35,7 | 167 | .191 | .013 |
| g. | T2111 Hún heldur að honum vanti annan síma. | 85,7 | 85,2 | 61,9 | 165 | .160 | .040 |
| h. | T2025 Henni minnti að hann héti Ragnar. | 46,3 | 40,2 | 31,0 | 165 | .115 | .143 |
| i. | T2055 Mér dreymdi alveg hræðilegan draum. | 69,0 | 61,0 | 52,4 | 166 | .128 | .102 |

Tafla 7.13: *Jákvætt mat yngsta aldurshóps á setningum með hlakka til, langa, vanta, minna og dreyma, flokkað eftir menntun föður.*

Miðað við niðurstöður fyri kannana (einkum könnunar Sigríðar Sigurjónsdóttur og Joan Maling 2001) kemur kannski á óvart að menntun móður virðist hvergi skipta teljandi máli. Ef tölur fyrir Reykjavík eru skoðaðar sérstaklega má sjá að þar er fylgnin við menntun móður aðeins meiri en tölurnar fyrir allt landið sýna hér en þó fjarri því að vera tölfraðilega marktæk. Síðan er ekki ljóst af hverju menntun föður virðist hér frekar skipta máli en menntun móður.

Hins vegar má benda á eitt í þessu sambandi: Í könnun Ástu Svavarssdóttur sem var gerð nálægt 30 árum fyrr en Tilbrigðakönnunin virtist vera meira samband milli þágufallshneigðar og menntunar foreldra en hér kemur fram (sjá Ástu o.fl. 1984). Niðurstöður þeirra rannsókna sem hafa verið gerðar síðar, bæði Tilbrigðakönnun-

arinnar og annarra (sjá Björn Gíslason 2001, 2003; Jóhannes Gísla Jónsson og Þórhall Eyþórsson 2003, 2005, 2011) benda til þess að þágufallshneigðin hafi farið vaxandi á þessum 30 árum. Það merkir m.a. að hún er að breiðast út til allra hópa í þjóðfélaginu. Þetta virðist sérstaklega skýrt þegar þágufallsnotkun með *langa* á í hlut (sjá *töflur* 7.8 og 7.10). Þar af leiðir að tengsl þágufallshneigðar við menntun foreldra málhafa í yngsta aldurshópnum hljóta að fara minnkandi, sérstaklega að því er varðar sögnina *langa*, og *töflur* 7.12 og 7.13 sýna þetta. Það er ekkert óeðlilegt að þetta hafi verið með öðrum hætti fyrr 30 árum og að þetta sé örðuvísi þegar nýja þolmyndin á í hlut, þar sem það tilbrigði virðist vera nýjung í málinu sem aðeins nær til yngstu aldurshópanna enn sem komið er (sjá nánari umræðu í köflum 8.4 og 26).

Hins vegar má segja að tengsl þágufallshneigðar og menntunar í Tilbrigðakönnuninni hafi almennt reynst minni en e.t.v. hefði mátt búast við af því að hér á í hlut málfarsbreyta sem gerð hefur verið tilraun til að uppræta í skólum. Þessi niðurstaða er hins vegar í samræmi við þá vitneskju sem fékkst í viðtolunum að fáir höfðu hugmynd um hvað átt væri við með orðinu *þágufallssýki* þótt allmargir könnuðust við að hafa heyrt það (sjá umræðu í kafla 2.4.7)..¹³

7.2.2.3 Kyn

Loks er hægt að skoða hvort finna má einhverja fylgni milli þágufallshneigðar og kyns þátttakenda. Niðurstöður eru sýndar í *töflu* 7.14 þar sem litið er á mat kynjanna á helstu dæmum sem hér hafa verið til umræðu:

| Númer | Setning | kk | kvk | N | r | p |
|----------|---|-------------|-------------|-----|-------|------|
| a. T2001 | Hún hlakkar mikið til. | 37,6 | 59,1 | 740 | -.206 | .000 |
| b. T2011 | Hana hlakkar alltaf mikið til jólanna. | 66,6 | 53,2 | 747 | .144 | .000 |
| c. T2021 | Honum hlakkar til að komast loksns heim. | 47,2 | 41,3 | 747 | .067 | .067 |
| d. T2005 | Okkur Þorvaldi langar að fara á þorrablót. | 71,7 | 65,5 | 750 | .082 | .024 |
| e. T2041 | Strákunum langar til að fara með honum. | 71,6 | 64,9 | 751 | .093 | .011 |
| f. T2091 | Hann spurði hvort mér vantaði ekki lán. | 27,9 | 26,7 | 752 | .032 | .375 |
| g. T2111 | Hún heldur að honum vanti annan síma. | 57,2 | 54,3 | 747 | .036 | .324 |
| h. T2025 | Henni minnti að hann héti Ragnar. | 41,5 | 30,5 | 750 | .107 | .003 |
| i. T2055 | Mér dreymdi alveg hræðilegan draum. | 50,7 | 48,3 | 748 | .043 | .236 |

Tafla 7.14: *Jákvætt mat á setningum með hlakka til, langa, vanta, minna og dreyma, flokað eftir kyni þátttakenda.*

Í heildina er ágætt samræmi milli svara karla og kvenna, en þótt munurinn sé ekki mikill er hann alls staðar á sama veg: karlarnir eru líklegrir til að samþykkja óhefðundið frumlag með þessum sögnum en konurnar og konurnar eru mun líklegrir til þess en karlarnir að samþykkja hið hefð bundna nefnifall með *hlakka til*. Munurinn á dóum kynjanna er tölfræðilega marktækur við $p \leq 0,01$ markið fyrir nefnifall og

¹³ Auðvitað geta málnotendur þó hafa fengið leiðbeiningar, verkefni eða leiðréttigar tengdar svonefndri þágufallssýki þótt þeir kannist ekki við hugtakið.

þolfall með *hlakka til* og þágufall með *minna* og auk þess við $p \leq 0,05$ markið með sögnimmi *langa*, en það hefur heldur lítið að segja þegar þátttakendafjöldi er svona mikill. Í öðrum tilvikum telst hann ekki tölfræðilega marktækur.

Svipuð fylgni við kyn kom fram þegar **val** á frumlagsfalli var skoðað. Þetta er sýnt í *töflu 7.15* (þessi tafla er sambærileg við *töflur 7.9* og *7.11* hér framar, sbr. skýringar við þær):

| Sögn | Frumlagsval | kk | kvk | p |
|----------------------------|--|-------------|-------------|----------|
| <i>hlakka til</i> m. nf. | hún hlakkar mikið til ... | 18,5 | 39,1 | |
| <i>hlakka til</i> m. þf. | hana hlakkar mikið til ... | 47,1 | 35,9 | .000 |
| <i>hlakka til</i> m. þgf. | henni hlakkar mikið til ... | 34,4 | 25,0 | |
| <i>kvíða fyrir</i> m. nf. | hún kvíðir samt dálitið fyrir ... | 27,2 | 44,5 | |
| <i>kvíða fyrir</i> m. þf. | hana kvíðir samt dálitið fyrir ... | 41,4 | 32,3 | .000 |
| <i>kvíða fyrir</i> m. þgf. | henni kvíðir samt dálitið fyrir ... | 31,4 | 23,2 | |
| <i>langa</i> m. þgf. | henni langar ekkert til ... | 23,1 | 15,6 | .042 |
| <i>vanta</i> m. þgf. | henni vantar gomsann sinn ... | 29,5 | 26,2 | .412 |
| <i>dreyma</i> m. nf. | dreymir hún bara þorska ... | 5,7 | 3,7 | |
| <i>dreyma</i> m. þf. | dreymir hana bara þorska ... | 77,9 | 83,6 | .628 |
| <i>dreyma</i> m. þgf. | dreymir henni bara þorska ... | 16,4 | 12,8 | |
| <i>minna</i> m. þgf. | henni minnir að ... | 19,3 | 17,1 | .864 |

Tafla 7.15: Val á frumlagsfalli í eyðufyllingu, flokkað eftir kyni þátttakenda.


Hér eru það alls staðar karlarnir sem eru líklegrir til að velja óhefðbundið fall og konurnar hið hefðbundna (nefnifall með *hlakka til* og *kvíða fyrir*, þolfall með *dreyma*). Munurinn er skýrastur þegar *hlakka til* og *kvíða fyrir* eiga í hlut. Almennt er gott samræmi á milli matsins sem er sýnt í *töflu 7.14* og þess vals sem kemur fram í *töflu 7.15*. Eina undantekningin er sögnin *minna*, þar sem munur á vali karla og kvenna er sáralíttill og langt frá því að vera tölfræðilega marktækur en hins vegar var nokkuð skýr munur á mati karla og kvenna á *henni minniti* í *töflu 7.14* og vel marktækur frá tölfræðilegu sjónarmiði þótt fylgnin væri lítil ($r = 0,107$). Ekki er ljóst hvernig stendur á þessum mun.

7.2.3 Tengsl við búsetu

Vegna þess að íslenskar framburðarmállýskur hafa til þessa einkum verið bundnar við landshluta er forvitnilegt að skoða hvort tilbrigði í setningagerð, t.d. þágufallsfrumlag í stað þolfallsfrumlags með völdum sögnum (þágufallshneigð), sýna einhver tengsl við landshluta eða könnunarstaði. Í fyrrri rannsóknum á setningafræðilegum tilbrigðum hafa yfirleitt ekki komið fram skýrar visbendingar um slíkt. Í rannsókn Ástu Svavarssdóttur (1982) á þágufallshneigð kom t.d. ekki fram skýr landshlutabundinn munur og í rannsókn Sigríðar Sigurjónsdóttur og Joan Maling á nýju þolmyndinni virtist það einkum vera kjarnasvæði Reykjavíkur („Reykjavík vestan Elliðaá“) sem hafði einhverja sérstöðu (nýja þolmyndin fékk sísta dóma þar, sbr. Sigríði Sigurjónsdóttur og Joan Maling 2001).

Tilbrigði í íslenskri setningagerð II

Mynd 7.2 er súlurit sem sýnir „meðaleinkunn“ fyrir mat á völdum setningum þar sem þágufallshneigð kemur fram (þágufallsdæmi með *hlakka til, langa og vanta*). Landshlutunum hefur þar verið raðað eftir þessari meðaleinkunn þar sem lægsta súlan táknað að þágufallshneigðardæmin hafi fengið neikvæðasta dóma að meðaltali og sú hæsta jákvæðustu dómana (sjá lýsingu á skiptingu eftir landshlutum í kafla 2.1):




Mynd 7.2: Meðaleinkunnir fyrir þágufallshneigð í einstökum landshlutum — dæmi með sögnum um langa, vanta og hlakka til (sbr. mynd 7.1).

Eins og sjá má á þessari mynd er ekki skýr munur eftir landshlutum — það er helst að Norðurland eystra og Reykjavík (með Hafnarfirði) skeri sig úr, en þar fengu þágufallsfrumlögin með þessum sögnum lakasta dóma. En þrátt fyrir það að þessi munur sé ekki mikill er hann samt tölfræðilega marktækur þegar á heildina er litið. Ef meðaltalseinkunnir landshlutanna eru bornar saman með F-prófi í ANOVA er *p*-gildið = 0,000 ($F_{(7, 747)} = 3,795$). Hins vegar er augljóslega ekki marktækur munur á milli allra landshluta. Einnig er vert að leggja áherslu á að engin landfræðileg samfella kemur fram í dreifingunni, eins og sjá má t.d. af því að þeir landshlutar sem liggja saman á *mynd 2* liggja oft alls ekkert saman landfræðilega. Þetta er ólíkt því sem fram kemur þegar íslensk framburðartilbrigði eru skoðuð (t.d. raddaður framburður, skaftfellskur einhliðaframburður). Að því leyti staðfestir þessi könnun fyrri niðurstöður um útbreiðslu þágufallshneigðar. Eins og fram kemur í síðari köflum virðist þetta vera almennt einkenni á útbreiðslu tilbrigða í íslenskri setningagerð. Fæst þeirra hafa skýra landfræðilega útbreiðslu.

Eins og fram kom í kafla 2.1 er nokkur munur á menntunarstigi þátttakenda eftir landshlutum. Vegna þess að fylgni milli menntunar og þágufallshneigðar var almennt frekar lítil er ekki líklegt að sá munur á landshlutunum sem fram kemur á *mynd 7.2* stafi af ólíku menntunarstigi þátttakendanna. Af *töflu 2.9* má líka sjá til dæmis að skipting þátttakenda eftir menntunarstigi í Könnun 2 var mjög svipuð á Norðurlandi eystra og Vestfirðum en á *mynd 7.2* má sjá nokkurn mun á útbreiðslu þágufallshneigðar í þessum tveim landshlutum. Hér er líka vert að minna á að skipting þátttakenda eftir aldri var mjög svipuð í öllum landshlutum eins og rakið er í kafla 2.1. Sá (litli) landshlutabundni munur sem *mynd 7.2* sýnir getur því ekki stafað af ólikri aldursskiptingu þátttakenda í landshlutunum.

Ef meðaleinkunn fyrir þágufallshneigð á einstökum stöðum er skoðuð kemur hins vegar í ljós að því er t.d. ekki þannig farið að allir staðir innan tiltekins landshluta dæmi setningarnar á sama hátt. Þetta sést á mynd 7.3. Samanburður á meðaltali einstakra könnunarstaða með ANOVA (F-prófið) sýnir að þessi munur á milli könnunarstaða er marktækur þegar á heildina er litið ($F_{(25, 729)} = 3,396, p = 0,000$) þótt margir staðir séu með svipað mat:



Mynd 7.3: Meðaleinkunnir fyrir þágufallshneigð á einstökum könnunarstöðum, byggðar á sömu dænum og á myndum 7.1 og 7.2.

Hér sést t.d. að málnotendur á fjórum af fimm könnunarstöðum á Norðurlandi eystra eru meðal þeirra sem sættu sig síst við þágufallsfrumlag með þessum sögnum (Stórtjarnir, Akureyri, Þórshöfn, Húsavík) en einn könnunarstaðurinn á þessu svæði er meðal þeirra þar sem meðaleinkunn fyrir þágufallshneigð er hæst (Dalvík). Það er líka talsverður munur á Borgarfirði annars vegar (sveitahrepparnir í kringum Reykholt) og Borgarnesi hins vegar. Þetta sýnir að hér er ekki um skýran landshlutabundinn mun að ræða, en aftur á móti væri forvitnilegt að skoða einstaka staði nánar í þessu ljósi og reyna t.d. að grafast fyrir um það hvort þeir eiga eithvað sameiginlegt frá félagsmálfræðilegu sjónarmiði.

7.2.4 Samantekt

Helstu niðurstöður um þágufallshneigð má draga saman á þessa leið:

- Þágufallshneigð er talsvert útbreidd þótt í flestum tilvikum fái t.d. setningar með þolfallsfrumlagi með sögnum á borð við *langa* og *vanta* betri dóma en samsvarandi setningar með þágufallsfrumlagi þegar á heildina er litið (sjá t.d. töflu 7.1). Svipuð niðurstaða fæst með eyðufyllingu (sbr. töflu 7.7).
- Skýr og tölfræðilega marktæk tengsl eru á milli þágufallshneigðar og aldurs (sjá t.d. töflu 7.8 og mynd 7.1).

- Færri samþykjja þágufallsfrumög í fyrstu persónu en þriðju persónu (sjá umræðu á eftir *töflu 7.1*) og það er í samræmi við niðurstöður fyrri kannana á þágufallshneigð.
- Þágufallshneigð sýnir nokkur tengsl við menntun þátttakenda, þ.e. meiri menntun fylgir oft minni þágufallshneigð þótt tengslin séu mun veikari en tengslin milli aldurs og þágufallshneigðar og ekki eins regluleg (sjá *töflu 7.10*).
- Konur samþykktu þágufallssetningarnar yfirleitt síður en karlar og voru síður líklegar til að nota þágufallsfrumög með þeim sögnum sem voru prófaðar í eyðufyllingarverkefni. Þessi fylgni við kyn er þó veik og alls ekki alltaf marktæk (sjá t.d. *töflu 7.14*).
- Nokkur munur kom fram á þágufallshneigð eftir búsetu. Þessi munur er þó frekar bundinn við einstaka könnunarstaði en stærri landshluta og hann felur augljóslega ekki í sér hefðbundna skiptingu í mállyskusvæði. Í aðalatriðum má þó segja að þágufallshneigðin sé einna minnst á Norðurlandi eystra og í Reykjavík (að Hafnarfirði meðtoldum) og þar með þá um leið á einstökum stöðum á Norðausturlandi (þó ekki öllum) en líka í Borgarfirði (sjá *myndir 7.2–7.3*).

7.3 Nefnifallshneigð

7.3.1 Almennt yfirlit

Með **nefnifallshneigð** er átt við það þegar tilteknar sagnir fá nefnifallsfrumlag í stað hefðbundins þolfalls- eða þágufallsfrumlags, eins og áður er rakið. Algengast er líklega að áhrifslausar hreyfingar- og breytingarsagnir eins og *reka (á land)* og *daga uppi* séu nefndar í þessu sambandi og þær voru skoðaðar hér. Auk þeirra var litið á tilhneigingu til að nota nefnifallsfrumlag með sögninni *dreyma* (sem reyndar var líka rædd hér á undan í tengslum við þágufallshneigð) og áhrifslausu sögninni *ljúka (skákin lauk)*. Yfirlit yfir helstu niðurstöður er sýnt í *töflu 7.16* en dæmin í heild í (7.5) í kafla 7.1.2.

| Númer | Setning | já | ? | nei |
|----------|--|-------------|------|-------------|
| a. T2092 | Það var bjálað veður og trilluna hans rak á land. | 76,2 | 9,3 | 14,5 |
| b. T2082 | Það var ofsarok og einn togarinn rak upp í fjöru. | 52,1 | 14,1 | 33,7 |
| c. T2102 | Tillöguna dagaði uppi hjá einhverri þingnefnd. | 19,3 | 17,2 | 63,6 |
| d. T2112 | Tillagan hefur líklega dagað uppi á þinginu. | 63,4 | 17,5 | 19,1 |
| e. T2045 | Mig dreymir hann á hverri nóttu. | 89,0 | 6,2 | 4,8 |
| f. T2035 | Ég dreymi aldrei neitt. | 13,5 | 12,8 | 73,7 |
| g. T2003 | Leiknum lauk með jafntefli. | 95,9 | 2,0 | 2,1 |
| h. T2013 | Önnur skákin lauk með sigri Jóhannesar. | 47,2 | 10,5 | 42,3 |

Tafla 7.16: Dæmi um mat á aukafalls- og nefnifallsfrumagi með sögnum reka (á land), daga uppi, dreyma og ljúka.

Þrennt vekur athygli hér. Í fyrsta lagi hafnar meirihluti þátttakenda því að nota þolfallsfrumlag með *daga uppi* (*tillöguna dagaði uppi*). Lausleg athugun á Netinu bendir til þess að *daga uppi* sé fremur notuð ópersónulega í hinni upprunalegu notkun þar sem tröll og slíkar vættir eiga í hlut en mun síður í afleiddri notkun um tillögur og hugmyndir, jafnvel innan sama texta. Í öðru lagi er mun minna um að sögnin *dreyma*

sé samþykkt með nefnifallsfrumlagi en *daga uppi og reka..*¹⁴ Í þriðja lagi kemur á óvart hversu margir samþykki nefnifallsfrumlag með áhrifslausu sögninni *ljúka* þótt næstum allir samþykki þágufallsfrumlagið. Einföld leit á Netinu staðfestir að þessi sögn kemur fyrir með nefnifallsfrumlagi (t.d. *leikurinn lauk*) þótt dæmin þar séu ennþá mjög fá og margfalt færri en samsvarandi dæmi með þágufallsfrumlagi.

Til samanburðar við mat á frumlagsfalli með *dreyma* má skoða hvernig þáttakendur í Námsmatsstofnunarkönnuninni 2006 völdu á milli þriggja kosta fyrir frumlag með þeirri sögn. Þetta er sýnt í *töflu 7.17*:

| Númer | Setning | Val frumlags | | |
|-------|---|--------------|-------|-----|
| | | hana | henni | hún |
| N0621 | Hana/Henni/Hún hafði dreymt svo hræðilegan draum. | 64,2 | 26,4 | 9,4 |

Tafla 7.17: Val á frumlagi með dreyma í Námsmatsstofnunarkönnun.

Hér velja flestir þolfallið og það er í samræmi við mat þáttakenda í Könnun 2 (sjá *töflu 7.6*) og val þeirra í eyðufyllingu (sjá *töflu 7.7*). En vegna þess að þáttakendur þurftu hér að velja á milli kosta og gátu aðeins valið einn þeirra verða prósentutölurnar hér lægri fyrir hvert fall en þegar þáttakendur eru beðnir að meta setningar (þ.e. þeir sem gætu samþykkt tvö eða fleiri föll verða hér að velja á milli þeirra, sbr. umræðu um aðferðir í 2. kafla).

Loks er fróðlegt að skoða mat þáttakenda í Tilbrigðakönnuninni á setningum með *dreyma* þar sem fall frumlagsins var ekki eins augljóst og í þeim sem hafa verið til umræðu hér framar:

| Númer | Setning | já | ? | nei |
|----------|---|------|------|------|
| a. T2075 | Ég sef alltaf mjög fast og dreymir aldrei neitt. | 58,4 | 16,8 | 24,8 |
| b. T2065 | Ég sef venjulega vel og dreymi fallega drauma. | 69,3 | 15,2 | 15,5 |

Tafla 7.18: Mat á („ósýnilegu“) aukafalls- og nefnifallsfrumlagi með dreyma.

Hér sýnir form sagnarinnar í fyrra dæminu að miðað er við ópersónulega notkun (... og (*mig*) *dreymir*) en í þeirri síðari að notkunin er persónuleg (... og (*ég*) *dreymi*), þótt frumlagið sjálft komi ekki fram. Þá bregður svo við að færri samþykki ópersónulegu notkunina en áður og mun fleiri fallast á þá persónulegu. Þetta mætti kanna nánar.

7.3.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

7.3.2.1 Aldur

Þar sem nefnifallshneigðin (eða persónuleg notkun sagnanna) er væntanlega nýjung með þeim sögnum sem hér eru til umræðu er forvitnilegt að skoða tengslin við aldur. Þetta má sjá í *töflu 7.19*:

¹⁴ Hér má aftur vitna í Netið: Þegar þetta er skrifað finnur Google um 49.000 dæmi með *mig dreymdi* en aðeins 1.990 með *ég dreymdi* og það er í ágætu samræmi við það mat sem kemur fram í *töflu 7.16*.

Tilbrigði í íslenskri setningagerð II

| Númer | Setning | 9. b | 20–25 | 40–45 | 65–70 | r | p | N |
|----------|---|-------------|-------------|-------------|-------------|-------|------|-----|
| a. T2092 | Það var brjálað veður og trilluna hans rak á land. | 57,4 | 79,8 | 83,6 | 85,6 | -.228 | .000 | 753 |
| b. T2082 | Það var ofsarok og einn togarinn rak upp í fjöru. | 59,7 | 53,7 | 51,3 | 41,7 | .173 | .000 | 750 |
| c. T2102 | Tillöguna dagaði uppi hjá einhverri þingnefnd. | 20,9 | 20,2 | 13,3 | 23,4 | .107 | .003 | 752 |
| d. T2112 | Tillagan hefur líklega dagað uppi á þinginu. | 32,1 | 64,0 | 85,1 | 75,0 | -.337 | .000 | 750 |
| e. T2045 | Mig dreymir hann á hverri nóttu. | 75,5 | 92,1 | 94,4 | 95,0 | -.209 | .000 | 753 |
| f. T2035 | Ég dreymi aldrei neitt. | 21,6 | 10,3 | 15,0 | 5,7 | .163 | .000 | 748 |
| g. T2003 | Leiknum lauk með jafntefli. | 88,8 | 98,0 | 99,0 | 98,1 | -.137 | .000 | 750 |
| h. T2013 | Önnur skákin lauk með sigri Jóhannesar. | 57,0 | 58,4 | 38,1 | 32,1 | .265 | .000 | 745 |

Tafla 7.19: *Jákvætt mat á setningum með ýmiss konar frumlagi með sögnunum reka, daga uppi, dreyma og ljúka, flokkað eftir aldri þáttakenda.*

Munurinn á mati aldurshópanna er alls staðar mjög vel marktaekur þótt fylgnistuðullinn sé yfirleitt ekki mjög hár. Skýrasti munurinn er kannski sá að elsti aldurshópurinn er ekki hrifinn af því að nota nefnifall með *dreyma* (*f-dæmið*) en rúmur fimmtungur þeirra yngstu telur það eðlilegt mál (á móti tæpum 6% hjá þeim elstu). Þá eru tveir yngstu aldurshóparnir mun jákvæðari gagnvart því en þeir tveir elstu að nota nefnifall með *ljúka* (sbr. *h-dæmið*). Kannski væri ástæða til að kanna þetta betur.

7.3.2.2 Menntun

Minni fylgni er á milli menntunar og mats á þessum dænum. Hún sést í töflu 7.19. Þar er yngsta aldurshópnum sleppt eins og áður í hliðstæðum tilvikum:

| Númer | Setning | grsk | frhsk | hásk | r | p | N |
|----------|---|-------------|-------------|-------------|-------|------|-----|
| a. T2092 | Það var brjálað veður og trilluna hans rak á land. | 87,8 | 79,6 | 85,7 | .029 | .524 | 472 |
| b. T2082 | Það var ofsarok og einn togarinn rak upp í fjöru. | 53,1 | 51,6 | 35,2 | .131 | .004 | 461 |
| c. T2102 | Tillöguna dagaði uppi hjá einhverri þingnefnd. | 21,4 | 18,0 | 14,4 | .102 | .026 | 471 |
| d. T2112 | Tillagan hefur líklega dagað uppi á þinginu. | 65,4 | 74,4 | 80,0 | -.071 | .125 | 470 |
| e. T2045 | Mig dreymir hann á hverri nóttu. | 93,9 | 94,8 | 93,4 | -.018 | .691 | 471 |
| f. T2035 | Ég dreymi aldrei neitt. | 13,1 | 8,5 | 12,1 | .037 | .424 | 469 |
| g. T2003 | Leiknum lauk með jafntefli. | 99,2 | 97,6 | 98,9 | .029 | .538 | 468 |
| h. T2013 | Önnur skákin lauk með sigri Jóhannesar. | 46,2 | 45,7 | 32,2 | .092 | .047 | 467 |

Tafla 7.20: *Jákvætt mat á setningum með ýmiss konar frumlagi með sögnunum reka, daga uppi, dreyma og ljúka, flokkað eftir menntun þáttakenda. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér er fylgnin marktæk við $p \leq 0.01$ markið þegar *reka* með nefnifallsfrumlagi á í hlut (*b*-dæmið): sú setning fær því betri dóma sem þáttakendur hafa minni menntun. Það á líka við um *daga uppi* (í óeiginlegri merkingu) með þolfallsfrumlagi (*c*-dæmið). Þar er fylgnin við aldur á sama veg og marktæk við $p \leq 0.05$ markið en þeir menntuðustu vilja frekar hafa nefnifall í þessu samhengi með *daga uppi*. Loks er marktæk fylgni við menntun í *h*-dæminu ($p < 0.05$), þ.e. fyrir *ljúka* með nefnifallsfrumlagi þótt hún sé veik. Að öðru leyti skiptir menntun litlu máli hér.

7.3.2.3 Kyn

Fylgni milli kyns þáttakenda og mats á frumlagsfalli með þessum sögnum var almennt lítil en þó marktæk í einu tilviki eins og fram kemur í *töflu 7.21*:

| Númer | Setning | kk | kvk | r | p | N |
|----------|---|-------------|-------------|-------|-------------|-----|
| a. T2092 | Það var brjálað veður og trilluna hans rak á land. | 77,4 | 75,1 | .045 | .214 | 753 |
| b. T2082 | Það var ofsarok og einn togarinn rak upp í fjöru. | 56,4 | 48,1 | .082 | .025 | 750 |
| c. T2102 | Tillöguna dagaði uppi hjá einhverri þingnefnd. | 21,0 | 17,7 | .035 | .335 | 752 |
| d. T2112 | Tillagan hefur liklega dagað uppi á þinginu. | 64,9 | 62,1 | .023 | .523 | 750 |
| e. T2045 | Mig dreymir hann á hverri nóttu. | 86,7 | 91,2 | -.049 | .178 | 753 |
| f. T2035 | Ég dreymi aldrei neitt. | 14,4 | 12,6 | .048 | .191 | 748 |
| g. T2003 | Leiknum lauk með jafntefli. | 95,6 | 96,1 | -.010 | .785 | 750 |
| h. T2013 | Önnur skákin lauk með sigri Jóhannesar. | 47,9 | 46,6 | .003 | .934 | 745 |

Tafla 7.21: Jákvað mat á setningum með ýmiss konar frumlagi með sögnum um reka, daga uppi, dreyma og ljúka, flokkað eftir kyni þáttakenda.

Mat á nefnifallsfrumlagi með *reka* (*upp í fjöru*) sýnir veika fylgni við kyn: karlarnir voru heldur jákvæðari gagnvart þessu dæmi og munurinn er þó ekki marktækur nema við $p \leq 0.05$ markið. Í öðrum tilvikum er ekki marktækur munur á mati kynjanna.

7.3.3 Tengsl við búsetu

Í *töflu 7.22* kemur fram hve stórt hlutfall þáttakenda í hverjum landshluta samþykkti þær setningar sem hér eru á dagskrá (hér eru hæstu gildin auðkennd með feitu letri eins og áður en vakin athygli á sérstaklega lágum gildum með undirstrikun):

| Númer | Setning | Rvk | Rnes | Suð | Aust | NE | NV | Vfir | Vlan |
|----------|---|-------------|-------------|------|--------------|------|-------------|--------------|------------|
| a. T2092 | Það var brjálað veður og trilluna hans rak á land. | 75,0 | 57,1 | 79,2 | 76,7 | 79,3 | 82,9 | 77,2 | 72,0 |
| b. T2082 | Það var ofsarok og einn togarinn rak upp í fjöru. | 40,8 | 60,0 | 57,4 | 54,4 | 47,8 | 57,3 | 51,8 | 52,7 |
| c. T2102 | Tillöguna dagaði uppi hjá einhverri þingnefnd. | 17,5 | 22,0 | 17,7 | 15,5 | 20,0 | 25,9 | 19,3 | 19,4 |
| d. T2112 | Tillagan hefur líklega dagað uppi á þinginu. | 60,2 | 56,0 | 69,2 | 63,4 | 57,5 | 69,5 | 66,7 | 64,5 |
| e. T2045 | Mig dreymir hann á hverri nóttu. | 87,6 | 88,0 | 89,8 | 93,2 | 88,9 | 80,5 | 89,5 | 92,5 |
| f. T2035 | Ég dreymi aldrei neitt. | 22,9 | 22,0 | 10,9 | 10,7 | 13,5 | 19,5 | <u>1,8</u> | <u>6,6</u> |
| g. T2003 | Leiknum lauk með jafntefli. | 95,1 | 88,0 | 96,9 | 100,0 | 95,5 | 95,1 | 100,0 | 93,5 |
| h. T2013 | Önnur skákin lauk með sigri Jóhannesar. | 51,5 | 58,0 | 49,2 | 47,6 | 42,1 | 54,3 | 42,9 | 37,6 |

Tafla 7.22: *Jákvætt mat á setningum með ýmiss konar frumlagi með sögnunum reka, daga uppi, dreyma og ljúka, flokkað eftir landshlutum.*

Hér er það aðallega eitt sem vekur athygli: Vestfirðingar og íbúar Vesturlands samþykkja langsíst nefnifall með *dreyma* (það gerði enginn á Patreksfirði né í Borgarfirði, ef litið er á einstaka staði). Þessi mikli munur veldur því að á heildina litið er tölfraðilega marktækur munur á mati landshlutanna á þessu dæmi (*f-dæmið*): Kíkváðratprófið metur $p < 0,001$ (vendigildið fyrir 14 frelsisgráður er 29,14 miðað við $p = 0,01$ en hér er kí-kvaðratgildið 38,79). Í engu öðru tilviki er munurinn á milli landshluta tölfraðilega marktækur og lítið um skýrar línar, nema þá helst að íbúar Vesturlands eru manna tregastir til að samþykkja nefnifall með *ljúka* og íbúar höfuðborgarsvæðisins samþykkja síður nefnifall með *reka* (*upp í fjöru*) en aðrir (ef litið er á einstaka staði sést þó reyndar að þáttakendur í Borgarfirði og Stórutjörnum eru ennþá tregari til þess), en í hvorugu þessara tilvika er mikill munur.

7.3.4 Samantekt

Helstu niðurstöður um nefnifallshneigð má draga saman á þessa leið:

- Nefnifallshneigð er allútbreidd með þeim sögnum sem hér voru til skoðunar. Þó er verulegur munur á þeim sögnum sem voru kannaðar (sjá t.d. *töflu 7.16*).
- Nefnifallshneigð sýnir nokkra fylgni við aldur en hún er veikari og ekki eins regluleg og þegar þágufallshneigð á í hlut (sjá t.d. *töflu 7.19*).
- Fylgni við menntun er lítil og yfirleitt ekki marktæk (sbr. *töflu 7.20*).
- Fylgni milli nefnifallshneigðar og kyns þáttakenda var almennt lítil og yfirleitt ekki marktæk (sjá *töflu 7.21*).
- Lítið er um skýrar línar eftir landshlutum eða einstökum stöðum þegar nefnifallshneigð er skoðuð nema hvað nefnifallsfrumlag með *dreyma* er langsíst samþykkt á Vestfjörðum og Vesturlandi (sjá *töflu 7.22*).

7.4 Andlagsfall

7.4.1 Almennt yfirlit

Athuganir á tilbrigðum í andlagsfalli miðuðu einkum að því að skoða hvort þágufall væri að sækja á með tilteknum sögnum eða sagnaflokkum á kostnað þolfalls, en einnig var hugað að dænum þar sem eignarfall kemur eða hefur komið við sögu, enda er þekkt, bæði úr íslensku og öðrum málum, að eignarfallsandlög eru tiltölulega veik fyrir. Dæmin eru sýnd í heild í (7.7) í kafla 7.1.3.

Í töflu 7.23 er sýnt mat á setningapörum með þolfalls- og þágufallsandlagi og mat á dæmi með sögninni *pora* með þolfallsandlagi.

| Númer | Setning | já | ? | nei |
|----------|---|-------------|------|-------------|
| a. T2002 | Fólk þarf sjaldan að faxa eyðublöðum lengur. | 23,8 | 19,9 | 56,3 |
| b. T2114 | Hann þarf að faxa umsóknina í dag. | 91,2 | 6,0 | 2,8 |
| c. T2012 | Sóknarmaðurinn negldi boltanum í netið. | 72,6 | 9,2 | 18,2 |
| d. T2022 | Hún negldi boltann í markið af löngu færi. | 66,5 | 12,8 | 20,7 |
| e. T2104 | Liðið vildi samt framlengja samninginn við þjálfarann. | 82,7 | 7,5 | 9,9 |
| f. T2094 | Gísli vill samt framlengja leigusamningnum . | 61,0 | 11,8 | 27,2 |
| g. T2054 | Leigjendurnir höfðu rústað hana . | 20,6 | 13,9 | 65,5 |
| h. T2064 | Herinn hafði rústað þeim . | 83,6 | 9,8 | 6,6 |
| i. T2084 | Íslendingar rústuðu pá með sex marka mun. | 24,0 | 12,8 | 63,2 |
| j. T2074 | Skagamenn rústuðu þeim í fyrstu umferð. | 81,2 | 8,7 | 10,1 |
| k. T2105 | Fór langaði að tala við forsetann en þorði pað ekki. | 57,1 | 15,5 | 27,4 |

Tafla 7.23: Mat á þolfalls- og þágufallsandlagi með sögnunum faxa, negla (bolta), framlengja, rústa og á þolfallsandlagi með pora.

Hér sker nýyrðið *faxa* sig nokkuð úr, því langflestir samþykkja þá sögn með þolfallsandlagi og meirihlutinn hafnar henni með þágufallsandlagi (hér er líka athyglisvert hve margir telja þágufallið vafasamt en hafna því ekki alveg). Sögnin *negla* (í knattspyrnumáli) sýnir líka svipað valfrelsi, þótt þar hafi þágufallið yfirhöndina. Sögnin *framlengja* er líka athyglisverð því þar getur meirihluti þátttakenda sætt sig við þágufallsandlag þótt ennþá fleiri telji þolfallsandlag eðlilegt. Sögnin *pora* með þolfallsandlagi fær þokkalega dóma, en samanburðarsetning með þágufallsandlagi reyndist gölluð svo henni er sleppt hér (sjá hins vegar lýsingu á vali milli kosta í frásögn í kafla 7.4.2). Loks er *rústa* eina sögnin þar sem meirihluti þátttakenda hafnar þolfallsandlagi. Í eyðufyllingarverkefninu í þessari könnun var prófað hvaða fall þátttakendur myndu helst velja og þar voru niðurstöður þær sömu: mun fleiri völdu þágufall en þolfall (sjá aldursflokkað yfirlit í kafla 7.4.2.1).

Hér er líka vert að vekja athygli á einu atriði sem má lesa út úr töflum af þessu tagi: þegar þátttakendur eru beðnir að meta tvö „andstæð“ tilbrigði, eins og t.d. þolfallsandlag og þágufallsandlag með *rústa*, er hægt að leggja saman hlutfall þeirra sem telja tilbrigðin „eðlilegt mál“. Ef útkoman fer yfir 100% bendir það til „innri breytileika“, þ.e. að einhverjur geti sætt sig við hvort afbrigðið sem er. Í töflu 7.23 má sjá að 20,6% töldu *rústað hana* (g-dæmið) eðlilegt mál og 83,6% töldu *rústað þeim* eðlilegt mál (j-dæmið). Samtalan af því er 104,2 og það bendir ekki til mikils innri breytileika: Um fimmtungur telur eðlilegt að nota þolfallsandlag með *rústa* og um það

bil fjórir fimmstu eðlilegt að nota þágufallsandlag og fáum finnst hvort tveggja eðlilegt mál. Til samanburðar má minna á að þessu er allt öðrvísi farið með frumlagsfall með sögninni *langa*. Þannig töldu 88,3% þáttakenda í Könnun 2 að *strákana langar* ... væri eðlilegt mál og 68,2% að *strákunum langar* ... væri eðlilegt mál (sjá *töflu 7.1* hér framar). Samtalan af því er 156,5. Samkvæmt því sem áður var sagt hlýtur það að merkja að verulegur hluti þáttakenda getur sætt sig við hvorn kostinn sem er, þ.e. að mun meiri innri breytileiki sé þar á ferðinni (sjá líka umræðu í kafla 2.3).

Samkvæmt orðabókum geta sagnirnar *flyta* og *nenna* tekið með sér eignarfall í stað þágufallsins (*flyta* sér/sín, *nenna* einhverju/einhvers). Mat á slíkum dænum er sýnt í *töflu 7.24*:

| Númer | Setning | já | ? | nei |
|----------|---|-------------|-----|-------------|
| a. T2062 | Kláraðu verkefnið og flýttu pér svo heim. | 97,2 | 2,0 | 0,8 |
| b. T2072 | Klæddu þig strax og reyndu að flýta pín í vinnuna. | 12,0 | 4,9 | 83,1 |
| c. T2095 | Hún er voðalega löt og nennir engu . | 92,8 | 5,1 | 2,2 |
| d. T2085 | Ég veit ekki hvers hann nennir eiginlega. | 3,5 | 9,5 | 87,0 |

Tafla 7.24: *Mat á þágufalls- og eignarfallsandlagi með sögnunum flyta (sér/sín) og nenna.*

Ekki verður sagt að eignarfallið hafi fengið rífandi undirtektir hér, þó heldur skári með *flyta*. Í kafla 7.4.3 verður skoðað hvort þetta er mismunandi eftir landshlutum.

Loks voru þáttakendur látnir meta þolfall og eignarfall á síðara andlagi *spyrja*:

| Númer | Setning | já | ? | nei |
|----------|--|-------------|------|-------------|
| a. T2042 | Hann spurði vitnið nokkurra spurninga og fór svo. | 92,0 | 6,0 | 2,0 |
| b. T2032 | Hann vildi sprýra kennarann eina spurningu . | 23,3 | 14,9 | 61,8 |
| c. T2052 | Þeir spurðu ráðherrann samt einnar spurningu . | 36,2 | 13,4 | 50,4 |

Tafla 7.25: *Mat á beinu eignarfalls- og þolfallsandlagi með spyrja.*

Taflan sýnir að næstum allir sættu sig við hið hefðbundna eignarfall á síðara andlaginu (*spyrja e-n e-s*), en þó getur tæplega fjórðungur fellt sig við þolfallið (*spyrja e-n e-ð*). Með síðasta dæminu var svo kannað hversu stór hluti þáttakenda sætti sig við eignarfallið *spurningu*.¹⁵ og í ljós kemur að það er meira en þriðjungur.

Eins og áður er forvitnilegt að bera niðurstöður úr mati á setningum saman við þær niðurstöður sem fengust með öðrum aðferðum. Í Könnun 1 og í Námsmatsstofnumarkönnuninni 2006 voru nokkur dæmi þar sem þáttakendum var boðið að velja fall á andlagi tiltekinna sagna með því að gera upp á milli tveggja eða þriggja kosta. Yfirlit yfir dæmin er sýnt í *töflu 7.26*:

¹⁵ Orðmyndin *spurningu* hlýtur að vera eignarfall hér en ekki „flótti frá eignarfalli“ vegna þess að hún stendur með *einmar*. Um eignarfallsflóttu og stöðu eignarfalls í íslensku má annars lesa hjá Helga Skúla Kjartanssyni 1979, 1999, Ástu Svavarssdóttur 1994, Helgu Eggerts Þórssyni 2009, Kristínú Á. Þorsteinsdóttur 2009 og Eiríki Rögnvaldssyni 2010 til dæmis. Sjá líka 13. kafla.

| Númer | Setning | Val á andlagsfalli | | | |
|-----------|--|--------------------|-------------|------|--------------|
| | | þf. | þgf. | ef. | báðir kostir |
| a. TK1.2 | Leigjendurnir höfðu rústað ibúðina/ibúðinni | 9,4 | 88,1 | | 2,5 |
| b. N0619 | Leigjendurnir höfðu rústað ibúðina/ibúðinni | 10,0 | 90,0 | | |
| c. TK1.23 | Borgin ætlar ekki að framlengja saminginn/samningnum | | 77,7 | 16,9 | 5,4 |
| d. N0625 | Hún ætlar að spryja hann eina spurningu/einnar spurningar ... | | 18,9 | | 60,1 |
| e. N0625 | Hún ætlar að spryja hann ... einnar spurningu | | | | 21,0 |

Tafla 7.26: Val á andlagsfalli með rústa, framlengja og spryja.

Niðurstöðurnar úr vali milli tveggja kosta í Könnun 1 eru mjög líkar þeim sem komu út úr matinu á samsvarandi setningum í Könnun 2 (með sögnunum *rústa* og *framlengja*). Sama er að segja um *rústa* í Námsmatsstofnunarkönnuninni. Það er helst að fram komi munur á andlagsvali með *spryja* og **mati** á andlagi með sömu sögn. Eins og fram kemur í *töflu 7.27* hér á eftir **samþykktu** rúm 43% yngsta aldurshópsins setningar með þolfalli á síðara andlagi *spryja* en í *töflu 7.26* má sjá að aðeins tæp 19% **völdu** það. Hér kynni ástæðan að vera sú að þegar kostunum er stillt upp saman í dænum af þessu tagi og þáttakendur látnir velja á milli, rifjast upp fyrir skólanemendum að þarna geti þeir átt að vara sig og nota eithvað sem þeim hefur verið kennt í skóla. Þetta er einn hugsanlegur galli á því að nota valkostaaðferðina, eins og lýst var í 2. kafla. Hins vegar er líka rétt að hafa í huga að val á milli kosta prófar ekki nákvæmlega það sama og mat á setningum gerir (sjá umræðu í 2. kafla).

7.4.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

7.4.2.1 Aldur

Jákvætt mat aldurshópanna á völdum dænum er sýnt í *töflu 7.27*, en þar hefur dæmunum verið stillt upp í pörum til að auðvelda samanburð. Sú mynd sem þar kemur fram er býsna skýr:

Tilbrigði í íslenskri setningagerð II

| Númer | Setning | 9. b | 20–25 | 40–45 | 65–70 | r | p | N |
|----------|---|-------------|-------------|-------------|-------------|-------|------|-----|
| a. T2002 | Fólk þarf sjaldan að faxa eyðublöðum lengur. | 37,4 | 23,9 | 17,5 | 14,6 | .249 | .000 | 747 |
| b. T2114 | Hann þarf að faxa umsóknina í dag. | 85,7 | 92,6 | 95,4 | 91,1 | -.097 | .008 | 752 |
| c. T2012 | Sóknarmaðurinn negldi boltanum í netið. | 87,2 | 88,1 | 66,0 | 42,7 | .371 | .000 | 748 |
| d. T2022 | Hún negldi boltann í markið af löngu færi. | 61,0 | 54,5 | 73,2 | 80,5 | -.198 | .000 | 750 |
| e. T2032 | Hann vildi spyrja kennaramm eina spurningu . | 43,4 | 25,1 | 11,9 | 10,1 | .363 | .000 | 752 |
| f. T2042 | Hann spurði vitnið nokkurra spurninga og fór svo. | 84,1 | 94,1 | 95,9 | 94,4 | -.125 | .001 | 752 |
| g. T2052 | Þeir spurðu ráðherrann samt einnar spurningu . | 44,3 | 40,2 | 27,7 | 31,6 | .174 | .000 | 746 |
| h. T2064 | Herinn hafði rústað þeim . | 81,6 | 90,6 | 87,6 | 71,7 | .111 | .002 | 752 |
| i. T2054 | Leigjendurnir höfðu rústað hana . | 11,8 | 13,4 | 22,8 | 38,0 | -.265 | .000 | 748 |
| j. T2074 | Skagamenn rústuðu þeim í fyrstu umferð. | 93,4 | 97,5 | 79,4 | 47,1 | .410 | .000 | 749 |
| k. T2084 | Íslendingar rústuðu þá með sex marka mun. | 25,6 | 8,4 | 24,6 | 41,4 | -.194 | .000 | 749 |
| l. T2094 | Gísli vill samt framlengja leigusamningum . | 65,3 | 65,5 | 64,4 | 45,6 | .160 | .000 | 753 |
| m. T2104 | Liðið vildi samt framlengja samninginn við þjálfaramn. | 83,2 | 83,7 | 77,9 | 86,6 | .012 | .750 | 751 |
| n. T2105 | Þór langaði að tala við forsetann en þorði það ekki. | 39,0 | 40,9 | 79,5 | 72,8 | -317 | .000 | 751 |

Tafla 7.27: *Jákvætt mat á andlagsfalli með nokkrum sögnum, flokkað eftir aldri þátttakenda.*

Hér má sjá að þágulfallsandlag með sögnunum *faxa*, *negla* (í knattspyrnumáli), *rústa* (bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu) og *fram lengja* fær besta dóma ljá yngri aldurshópunum (reyndar ekki síður ljá þeim næstyangsta en þeim yngsta). Þótt fylgnin við aldur (*r-gildið*) sé nokkuð mismunandi eftir því hvaða sagnir eiga í hlut (hún er mest fyrir *negla* og *rústa* í íþróttamáli) er hún alls staðar mjög vel marktæk frá tölfraðilegu sjónarmiði (í öllum tilvikum er $p < 0,01$). Á hinn bóginn fær þolfall með þessum sögnum besta dóma ljá eldri aldurshópunum, einkum þeim elsta. Þetta bendir til þess að notkun þágulfallsins í þessum tilvikum sé nýjung eða í samræmi við nýjung sem er einkum hluti af máli yngri kynslóða (sjá Joan Maling 2002 og Jóhannes Gísla Jónsson 2005, 2009a).

Yngsti aldurshópurinn sker sig yfirleitt ekki mjög úr nema að því er varðar þolfall með *spyrja* (*e-dæmið: spyrja kennaramm eina spurningu*). Það merkir væntanlega að þetta sé yngri nýjung en hinrar. Aftur á móti fylgjast tveir yngstu aldurshóparnir að í mati á orðmyndinni *spurningu* sem eignarfalli (sjá *g-dæmið: einnar spurningu*) og það bendir til þess að sú nýjung sé ekki glæný af nálinni.

Í eyðufyllingarverkefninu í Könnun 2 gafst þátttakendum færi á að velja fall á andlagi með sögninni *rústa*. Þetta val er sýnt í *töflu 7.28*, flokkað eftir aldri:

| Sögn | Andlagsval | 9. b | 20–25 | 40–45 | 65–70 |
|---------------------|--|-------------|-------|-------|-------------|
| <i>rústa + þf.</i> | það er einhver búinn að rústa hann | 0,5 | 0,5 | 4,6 | 18,2 |
| <i>rústa + þgf.</i> | það er einhver búinn að rústa honum | 70,9 | 62,5 | 65,1 | 51,6 |

Tafla 7.28: Val á andlagsfalli með sögninni rústa í eyðufyllingarverkefni.

Hér sést að það er langfrekast elsti hópurinn sem velur þolfallsandlag með *rústa* og yngstu hóparnir velja síst þolfall. Mun ur aldurshópanna er í samræmi við matið í *töflu 7.27*, þótt kannski hefði mátt búast við því að fleiri úr elsta hópnum veldu hér þolfall..¹⁶

Í T2 var val á andlagsfalli líka prófað með því að láta þátttakendur velja á milli kosta. Í frásögn af knattspyrnuleik (sjá viðauka) voru gefnir tveir eða þrír kostir fyrir ýmis andlög þar sem einungis var um mismunandi fall að ræða (til dæmis *hamra boltann/boltanum*) og þátttakendur áttu að velja annan eða einn þeirra með því að setja hring utan um hann. Í *töflu 7.29* er gefið yfirlit yfir helstu niðurstöður úr þessum hluta könnunarinnar með aldursflokkun (þeim sleppt sem völdu báða kosti, því það var yfirleitt mjög litill hluti):

| Sögn | Andlagsval | 9. b | 20–25 | 40–45 | 65–70 | alls |
|----------------------|--------------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| <i>bora + þf.</i> | virtist ekki bora það | 10,9 | 9,0 | 36,6 | 65,2 | 28,5 |
| <i>bora + þgf.</i> | virtist ekki bora því | 83,9 | 86,4 | 56,2 | 30,3 | 66,1 |
| <i>hamra + þf.</i> | hamraði hann boltann í netið | 29,5 | 38,8 | 57,8 | 47,4 | 43,1 |
| <i>hamra + þgf.</i> | hamraði hann boltanum í netið | 67,4 | 54,7 | 36,5 | 50,0 | 52,3 |
| <i>slá + þf.</i> | með því að slá boltann | 63,9 | 64,2 | 84,4 | 92,3 | 75,2 |
| <i>slá + þgf.</i> | með því að slá boltanum | 33,5 | 28,4 | 13,0 | 5,8 | 21,0 |
| <i>skeina + þf.</i> | þóttist skeina sig | 19,1 | 30,8 | 66,0 | 90,2 | 49,2 |
| <i>skeina + þgf.</i> | þóttist skeina sér | 78,9 | 66,2 | 28,4 | 9,2 | 47,8 |
| <i>nenna + þf.</i> | þegar hann nennir því | 94,4 | 97,0 | 97,9 | 96,8 | 96,5 |
| <i>nenna + ef.</i> | þegar hann nennir þess | 3,1 | 0,5 | 0,5 | 0,6 | 1,2 |
| <i>flýta + þgf.</i> | þurfti að flýta sér | 96,4 | 98,5 | 97,9 | 98,7 | 97,9 |
| <i>flýta + ef.</i> | þurfti að flýta sín | 0,5 | 0,0 | 0,5 | 0,6 | 0,4 |

Tafla 7.29: Val á andlagsfalli með sögnunum hamra, skeina, slá, bora, nenna og flýta þar sem átti að velja á milli kosta í frásögn.


Í fyrstu fjórum dæmapörum í *töflu 7.29* er greinilegur munur á vali aldurshópanna, enda kemur í ljós að hann er mjög vel marktækur ($p < 0,01$). Hér velja þeir yngri fremur þágulfall en þeir eldri með sögnunum *bora*, *hamra*, *slá* og *skeina* og það er í ágætu samræmi við þá sókn þágulfallsins sem við höfum séð í undanfarandi

¹⁶ Eins og lesendur sjá nær samanlöggð prósenta þeirra sem völdu þolfallsandlag og þeirra sem völdu þágulfallsandlag hvergi 100%. Ástæðan er sú að hér völdu nokkrir eignarfall, af því að verið var að ræða um síma (eða gemsa) og með góðum vilja mátti túlka setninguna *það er einhver búinn að rísta hans* sem ‘einhver er búinn að rústa hans’ vegna samhengisins.

Tilbrigði í íslenskri setningagerð II

töflum. Nánst engir velja síðan eignarfallið með *nenna* og *flyta* í síðustu pörunum tveim, enda voru þau dæmi einkum höfð með til að kanna meintan landshlutabundinn mun (sjá kafla 7.4.3).¹⁷

Eins og áður má reikna út „meðaleinkunnir“ fyrir hvern aldurshóp og sýna muninn á súluriti. Á mynd 7.4 hefur það verið gert fyrir þágufallsandlag með *faxa*, *framlengja*, *negla* og *rústa* í þeim dænum sem áður voru talin (sjá a, c, h, j og l í töflu 7.27, þ.e. setningar T2002, T2012, T2064, T2074 og T2094):¹⁸



Mynd 7.4: Meðaleinkunn eftir aldurshópum fyrir þágufallsandlag með *faxa*, *negla*, *rústa* og *framlengja* (dæmi T2002, T2094, T2012, T2064, T2074).

Samanburður á mynd 7.4 og mynd 7.1 sýnir vel að hér er mun minni munur eftir aldurshópum en þegar þágufallshneigð á frumlagi á í hlut, enda kemur það líka fram í fylgnitölunum í töflum 7.8 og 7.27. Fylgni dómannna við aldur er hins vegar líka mjög skýr hér og marktæk ($r = -0,428$, $p = 0,000$) og samanburður á meðaltölum hópanna með F-prófi gefur svipaða niðurstöðu ($F_{(3, 751)} = 66,014$, $p = 0,000$).

7.4.2.2 Menntun

Mat á polfallsandlagi og þágufallsandlagi í þessum dænum sýnir mjög litla fylgni við menntun. Þetta má sjá í töflu 7.30, en þar hefur yngsta aldurshóp verið sleppt úr eins og áður þegar áhrif menntunar eru skoðuð (sjá umræðu í kafla 6.3):

¹⁷ Í *Íslensk-danskri orðabók* (1920–1924) er eignarfall með sögnunum *flyta* (t.d. *flyta sín*) og *nenna* (t.d. *nenna e-s ekki*) kennt við Austfirði.

¹⁸ Hér var tölugildum fyrir jákvæð svör og neikvæð snúið við sem fyrr (*já* = 3, *nei* = 1) áður en meðaleinkunn var reiknuð til þess að hæstu súlurnar sýndu jákvæðasta dóma fyrir viðkomandi setningar, sbr. fyrri súlurit í þessum kafla.

| Númer | Setning | grsk | frhsk | hásk | r | p | N |
|----------|---|-------------|-------------|-------------|-------|-------------|-----|
| a. T2002 | Fólk þarf sjaldan að faxa eyðublöðum lengur. | 20,8 | 16,6 | 16,7 | .039 | .399 | 467 |
| b. T2114 | Hann þarf að faxa umsóknina í dag. | 92,4 | 92,4 | 95,6 | -.037 | .452 | 472 |
| c. T2012 | Sóknarmaðurinn negldi boltanum í netið. | 71,5 | 68,4 | 64,8 | .024 | .599 | 468 |
| d. T2022 | Hún negldi boltann í markið af löngu færi. | 72,3 | 62,2 | 67,8 | .057 | .215 | 469 |
| e. T2032 | Hann vildi spyrja kennaramm eina spurningu . | 22,1 | 15,7 | 13,3 | .091 | .048 | 470 |
| f. T2042 | Hann spurði vitnið nokkurra spurninga og fór svo. | 92,4 | 96,4 | 95,6 | -.063 | .172 | 471 |
| g. T2052 | Þeir spurðu ráðherrann samt einnar spurningu . | 37,2 | 35,6 | 19,8 | .130 | .005 | 467 |
| h. T2064 | Herinn hafði rústað þeim . | 84,0 | 82,3 | 86,8 | -.025 | .588 | 471 |
| i. T2054 | Leigjendurnir höfðu rústað hana . | 23,7 | 21,6 | 23,1 | .042 | .360 | 467 |
| j. T2074 | Skagamenn rústuðu þeim í fyrstu umferð. | 75,6 | 81,5 | 75,8 | -.013 | .786 | 470 |
| k. T2084 | Íslendingar rústuðu pá með sex marka mun. | 26,4 | 16,1 | 22,2 | .093 | .044 | 468 |
| l. T2094 | Gísli vill samt framlengja leigusamningnum . | 58,8 | 63,9 | 50,5 | .066 | .152 | 471 |
| m. T2104 | Liðið vildi samt framlengja samninginn við þjálfarann. | 80,9 | 85,1 | 74,4 | .043 | .353 | 469 |
| n. T2105 | Þór langaði að tala við forsetann en þorði það ekki . | 65,6 | 60,6 | 71,1 | -.003 | .940 | 470 |

Tafla 7.30: *Jákvætt mat* á andlagsfalli með nokkrum sögnum, flokkað eftir menntun þátttakenda. Yngsta aldurstóp sleppt.

Hér er skemmst frá því að segja að fylgni við menntun er nánast engin, með þrem undantekningum — eða þó aðallega einni: Það eru helst þeir sem minnsta menntun hafa sem sætta sig við orðalagið í g-dæminu: *spurðu ... einnar spurningu*. Þótt fylgnin við menntun sé þar ekki ($r = 0,130$) mikil mælist hún samt marktæk við $p \leq 0,01$ markið. Síðan má nefna að fylgnin nær $p \leq 0,05$ markinu fyrir e-dæmið (*spyrja kennaramm eina spurningu*) og reyndar líka fyrir k-dæmið (*rústuðu pá*), hvemig sem á því stendur.

7.4.2.3 Kyn

Sáralitill munur var yfirleitt á svörum kynjanna. Hann kom einna helst fram í mati á dænum með sögnunum *rústa*, *fram lengja* og *þora*. Jákvætt mat þátttakenda á þeim dænum sem hér hafa verið til umræðu, flokkað eftir kyni, er sýnt í töflu 7.31:

| Númer | Setning | kk | kvk | r | p | N |
|----------|---|------|------|-------|------|-----|
| a. T2002 | Fólk þarf sjaldan að faxa eyðublöðum lengur. | 24,9 | 22,9 | .011 | .774 | 747 |
| b. T2114 | Hann þarf að faxa umsóknina í dag. | 91,3 | 91,2 | -.004 | .904 | 752 |
| c. T2012 | Sóknarmaðurinn negldi boltanum í netið. | 73,2 | 72,0 | .024 | .511 | 748 |
| d. T2022 | Hún negldi boltann í markið af löngu færi. | 68,5 | 64,7 | .048 | .191 | 750 |
| e. T2032 | Hann vildi spryrja kennarann eina spurningu . | 27,0 | 19,7 | .051 | .160 | 752 |
| f. T2042 | Hann spurði vitnið nokkurra spurninga og för svo. | 91,5 | 92,5 | -.026 | .479 | 752 |
| g. T2052 | Peir spurðu ráðherrann samt einnar spurningu . | 38,2 | 34,3 | .046 | .211 | 746 |
| h. T2064 | Herinn hafði rústað þeim . | 80,3 | 86,5 | -.106 | .003 | 752 |
| i. T2054 | Leigjendurnir höfðu rústað hana . | 25,2 | 16,2 | .101 | .003 | 748 |
| j. T2074 | Skagamenn rústuðu þeim í fyrstu umferð. | 76,3 | 85,8 | -.101 | .000 | 749 |
| k. T2084 | Íslendingar rústuðu pá með sex marka mun. | 24,4 | 23,7 | .002 | .946 | 749 |
| l. T2094 | Gísli vill samt framlengja leigusamningnum . | 59,6 | 62,3 | -.020 | .592 | 753 |
| m. T2104 | Liðið vildi samt framlengja samninginn við þjálfarann . | 86,6 | 79,0 | .120 | .001 | 751 |
| n. T2105 | Pór langaði að tala við forsetann en þorði það ekki. | 51,9 | 62,1 | -.106 | .000 | 751 |

Tafla 7.31: *Jákvætt mat á andlagsfalli með nokkrum sögnum, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Hér vekur kannski einkum athygli að konur eru ennþá jákvæðari en karlar gagnvart þágufallsandlagi með *rústa*, hvort sem um er að ræða eiginlega notkun (*h-dæmið*) eða yfirlærða (*j-dæmið*). Þessu er svo öfugt farið með þolfallið í eiginlegu merkingunni (*i-dæmið*). Aftur á móti er enginn munur á afstöðu kynjanna til þolfallsandlags í yfirlærðu merkingunni (*k-dæmið*), hvernig sem ber að túlka það. Þá eru karlar marktaekt jákvæðari en konur gagnvart þolfallsandlagi með *framlengja* (*m-dæmið*) en þetta snýst við þegar litið er á þolfallsandlag með *þora* (*n-dæmið*). Það verður því ekki sagt að mjög skýrar línur komi út úr þessu.

Í þessu sambandi er líka fróðlegt að bera saman val karla og kvenna á milli þolfalls- og þágufallsandlags þar sem þátttakendur fengu að velja á milli kosta í frásögn (sbr. umræðu í kringum *töflu 7.29*). Tafla 7.31 sýnir samanburð á þessu vali:

| Sögn | Andlagsval | kk | kvk |
|----------------------|--------------------------------------|-------------|-------------|
| <i>pora</i> + þf. | virtist ekki <i>pora</i> það | 25,5 | 31,3 |
| <i>pora</i> + þgf. | virtist ekki <i>pora</i> því | 69,5 | 62,9 |
| <i>hamra</i> + þf. | hamraði hann boltann í netið | 56,5 | 30,3 |
| <i>hamra</i> + þgf. | hamraði hann boltanum í netið | 36,8 | 67,0 |
| <i>slá</i> + þf. | með því að slá boltann | 80,7 | 70,0 |
| <i>slá</i> + þgf. | með því að slá boltanum | 15,4 | 26,3 |
| <i>skeina</i> + þf. | þóttist skeina síg | 46,4 | 51,8 |
| <i>skeina</i> + þgf. | þóttist skeina sér | 50,3 | 45,5 |

Tafla 7.32 *Val karla og kvenna á andlagsfalli með pora, hamra (bolta), slá og skeina í frásagnartexta.*

Hér kemur fram áhugaverður munur: Í iþróttamálsdæmunum með *hamra* og *slá* velja konurnar frekar þágufall en karlarnir. Með hinum sögnunum tveim (*pora* og *skeina*) er þetta á hinn veginn. Samanburður aldurshópanna í *töflu* 7.29 bendir þó til þess að hér sé þágufallið „nýjungin“ í öllum tilvikum. Kannski bendir þessi munur á mati kynjanna til þess að nýjungarnar séu eitthvað mismunandi í eðli sínu. Það mætti kanna nánar.

7.4.3 Tengsl við búsetu

Tafla 7.33 sýnir matið á helstu dænum sem hér hafa verið til umræðu, flokkað eftir landshlutum. Þar áttum við helst von á því að Austfirðingar væru jákvæðari en aðrir gagnvart því að nota eignarfallsandlag með sögnunum *flyta* (sbr. *flýttu þín* í p-dæminu) og *nenna* (sbr. *Ivers hamm nennir* í r-dæminu; sjá tilvísun í Blöndalsorðabók um dæmi af þessu tagi í neðanmálgrein hér framar). Eins og taflan sýnir gekk þetta að nokkru leyti eftir: 18,6% Austfirðinga töldu *flýttu þín* eðlilegt mál og það er mun hærra hlutfall en í flestum öðrum landshlutum þótt Reykjanes slagi hátt upp í Austfirðingana hér með 16% samþykki. Aftur á móti fékk dæmið *Ivers hamm nennir* litlar undirtektir um allt land en þó reyndar einna skástar á Austurlandi. Af því að dæma er orðið lítið um að Austfirðingar noti eignarfallsandlag með *nenna*, en reyndar verður að viðurkenna að dæmið var svoltið flókið.¹⁹ Að öðru leyti eru það helst íbúar á Norðurlandi eystra sem sýna einhverja sérstöðu ef rýnt er í *töflu* 7.33:


¹⁹ Ástæðan var sú að við vildum hafa alveg augljóst að um eignarfall væri að ræða og það hefði ekki komið eins skýrt fram í dænum á borð við *nennir* þess ekki vegna likingar við *bessu*.

Tilbrigði í íslenskri setningagerð II

| Númer | Setning | Rvk | Rnes | Suð | Aust | NE | NV | Vfir | Vlan |
|----------|--|------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| a. T2002 | Fólk þarf sjaldan að faxa eyðublöðum lengur. | 26,5 | 32,0 | 24,8 | 21,4 | <u>17,2</u> | 30,5 | 17,9 | 25,3 |
| b. T2114 | Hann þarf að faxa umsóknina í dag. | 85,7 | 90,0 | 93,1 | 93,2 | 91,0 | 92,6 | 91,2 | 92,4 |
| c. T2012 | Sóknarmaðurinn negldi boltanum í netið. | 74,5 | 72,0 | 76,6 | 70,9 | <u>66,9</u> | 78,0 | 70,2 | 72,0 |
| d. T2022 | Hún negldi boltann í markið af löngu færí. | 66,3 | 60,0 | 72,3 | 61,2 | 58,6 | 76,8 | 76,8 | 64,1 |
| e. T2032 | Hann vildi spyrja kennarann eina spurningu . | 26,9 | 46,0 | 19,2 | 18,4 | 15,6 | 28,0 | 21,8 | 25,8 |
| f. T2042 | Hann spurði vitnið nokkura spurninga og fór svo. | 93,3 | 80,0 | 92,2 | 90,3 | 95,5 | 92,7 | 91,2 | 93,5 |
| g. T2052 | Þeir spurðu ráðherrann samt einnar spurningu . | 30,1 | 34,7 | 37,5 | 38,2 | 32,3 | 45,1 | 35,1 | 38,0 |
| h. T2064 | Herinn hafði rústað peim . | 84,8 | 80,0 | 90,7 | 89,2 | <u>69,4</u> | 81,7 | 87,7 | 87,1 |
| i. T2054 | Leigjendurnir höfðu rústað hana . | 20,2 | 12,2 | 12,5 | 13,6 | 30,1 | 26,8 | 31,6 | 18,5 |
| j. T2074 | Skagamenn rústuðu þeim í fyrstu umferð. | 86,5 | 83,7 | 89,1 | 84,5 | 63,9 | 81,7 | 82,5 | 82,6 |
| k. T2084 | Íslendingar rústuðu pá með sex marka mun. | 23,3 | 16,3 | 18,6 | 18,6 | 35,6 | 30,5 | 25,0 | 19,4 |
| l. T2094 | Gísli vill samt fram lengja leigusamningum . | 59,6 | 74,0 | 66,9 | 66,0 | <u>44,4</u> | 62,2 | 63,2 | 63,0 |
| m. T2104 | Liðið vildi samt fram lengja samninginn við þjálfarann. | 77,5 | 80,0 | 82,3 | 83,3 | 85,2 | 89,0 | 89,5 | 76,3 |
| n. T2105 | Þór langaði að tala við forsetann en þorði það ekki. | 48,0 | 26,0 | 63,1 | 53,4 | 69,6 | 56,1 | 57,1 | 62,4 |
| o. T2062 | Kláraðu verkefnið og flýttu þér svo heim. | 98,1 | 93,9 | 98,4 | 97,1 | 97,8 | 95,1 | 98,2 | 96,8 |
| p. T2072 | Klæddu þig strax og flýttu þín í vinnuna. | 9,5 | 16,0 | 11,6 | 18,6 | 9,8 | 12,2 | 8,9 | 10,8 |
| q. T2095 | Hún er voðalega löt og nennir engu . | 89,4 | 86,0 | 95,4 | 93,2 | 93,3 | 91,5 | 94,7 | 95,7 |
| r. T2085 | Eg veit ekki hvers hann nennir eiginlega. | 2,9 | 6,2 | 2,3 | 6,8 | 2,2 | 7,3 | 1,8 | 0,0 |

Tafla 7.33: **Jákvætt mat** á andlagsfalli með nokkrum sögnum, flokkað eftir landshlutum.

Ef litioð er á sagnirnar *faxa*, *negla*, *rústa* og *fram lengja* sést að þar eru það yfirleitt íbúar Norðurlands eystra sem eru síst hrifnir af þágufallsandlagi og hallir undir þolfallsandlag en lítt munur er á öðrum landshlutum að þessu leyti. Þetta má sýna á súluriti eins og gert er á mynd 7.5:



Mynd 7.5: Meðaleinkunn eftir landshlutum fyrir þágufallsandlag með faxa, negla, rústa og framlengja (sbr. mynd 7.4).

Þótt munurinn sé ekki mikill virðist um nokkuð trausta niðurstöðu að ræða, því ef litið er á einstaka staði fær þágufallsandlag með þessum sögnum lakasta dóma á eftirtöldum stöðum í þessari röð: Þórshöfn, Húsavík, Stórtjarnir, Borgarfjörður, Akureyri, Dalvík. Allir þessir staðir eru á Norðurlandi eystra nema Borgarfjörður auðvitað (en reyndar er þetta ekki í eina skipti sem niðurstöður þaðan eru svipaðar þeim sem fengust á Norðausturlandi). Lítill munur er á öðrum stöðum og þar kemur ekki fram skýr dreifing eftir landshlutum. Munurinn á meðaltali landshlutanna er samt tölfræðilegar marktækur samkvæmt F-prófi (ANOVA, $F_{(7, 747)} = 5,885, p = 0,000$).

7.4.4 Samantekt

Helstu niðurstöður um tilbrigði í andlagsfalli má draga saman eins og hér er sýnt:

- Með allmögum sögnum eru tilbrigði á milli þolfalls og þágufalls (*faxa, framlengja, negla* (bolta í íþróttamáli), *rústa*), en niðurstöðurnar voru nokkuð mismunandi eftir því hvaða sögn átti í hlut (sjá *töflur 7.23 og 7.26*).
- Með sögnunum *flyta* og *nenna* reyndist eignarfallsandlag jafnvel ennþá sjaldgæfara en búist var við (sjá *töflu 7.24*).
- Þágufallsandlög sækja á með sögnum eins og *faxa, framlengja, negla* (í íþróttamáli, þ.e. ‘negla bolta í mark’) og *rústa*, en með þessum sögnum eru þau þó ekki bundin við yngstu kynslóðina (sjá *töflur 7.27–7.28*, sbr. líka mynd 7.4). Fylgni við aldur er þó mjög vel marktæk hér.
- Það eru einkum yngstu kynslóðirnar tvær sem nota þolfall á síðara andlagi með sögninni *spyrja* (þ.e. *spyrja e-n eina spurningu*, sbr. *töflu 7.27*).
- Það er lítil fylgni milli andlagsfalls og menntunar þátttakenda (sjá *töflu 7.30*).
- Tengsl við kyn eru ekki regluleg. Þó eru konur marktækt liklegri en karlar að samþykkja og velja þágufall með *rústa* t.d. (sjá *töflu 7.31*).
- Eins og búist hafði verið við var helst hægt að finna eignarfallsandlag með *flyta* (sbr. *flýttu þín*) á Austurlandi (sjá *töflu 7.33*).

- Þágufallsandlög með sögnum á borð við *faxa*, *negla* (í íþróttamáli), *rústa* og *fram lengja* eru í minnstum metum á Norðurlandi eystra (sjá *töflu* 7.33 og mynd 7.5).

7.5 Fallglötun og fallflutningur

7.5.1 Almennt yfirlit

Eins og kaflaheitið bendir til voru tvennis konar atriði hér til athugunar. Það, sem hér er nefnt **fallglötun**, var aðeins skoðað með því að láta þáttakendur í Könnun 3 velja á milli tveggja kosta. Niðurstaðan er sýnd í *töflu* 7.34:

| Númer | Dæmi | það | því | báðir kostir | N |
|-------|----------------------------------|------|-------------|--------------|-----|
| TK3.3 | Það/Því býst ég ekki við. | 18,2 | 78,6 | 3,2 | 709 |

Tafla 7.34: Val milli tveggja kosta sem varða fallglötun og -varðveislu.

Þessi dæmi eru í einhverjum skilningi leidd af setningagerðinni *Ég býst ekki við því* og þar tekur forsetningin *við* með sér þágufallið *því*. Þegar andlag forsetningar er fært fremst í setningu með kjarnafærslu, eins og hér er um að ræða, heldur það yfirleitt falli sínu (sbr. *Ég býst ekki við honum > Honum/*Hann býst ég ekki við*), en vitað var að í dænum eins og því sem hér var til skoðunar eru til undantekningar frá því (sjá kynningu á þessu fyrirbæri í kafla 7.1.4. Í *töflu* 7.34 sést að mikill minnihluti velur kostinn þar sem fallið hefur glatast (*því > það*) og flestir velja að varðveita þágufallið. Mjög fáir segja að báðir kostir komi til greina. Hér er þó líklega gott dæmi um að annar eða einn kosturinn ýti öðrum til hliðar þegar mönnum er gert að velja á milli, því ekki er ólíklegt að hærra hlufall hefði talið *Það býst ég ekki við* eðlilega setningu ef hún hefði verið metin út af fyrir sig (sjá umræðu um aðferðir í kafla 2.2.2).

Engar skýrar línur reyndust vera um tengsl við aldur þáttakenda, menntun, kyn eða búsetu. Fallglötunin verður því ekki rædd frekar hér.

Hitt atriðið sem hér er á dagskrá varðar það sem hér er kallað **fallflutningur**, þ.e. þegar fall á höfuðorði tilvísunarsetningar ræðst af fallstjórnda innan hennar. Þetta má skýra með dæmi (dæmin í heild eru kynnt til sögunnar í (7.9) í kafla 7.1.4):

- (7.10) a. **Listaverkin** [sem var stolið] eru óskemmd.
 b. **Listaverkunum** [sem var stolið] eru óskemmd.

Í fyri setningunni hefur tilvísunarsetningin engin áhrif á fallið á orðmyndinni *listaverkin*, enda er þar um að ræða frumlag með *eru óskemmd* (þ.e. *listaverkin ... eru óskemmd*). Í seinna dæminu er eins og þágufallið sem polmyndin *var stolið* hefði átt að takा með sér ef það hefði verið sýnilegt (sbr. *listaverkunum var stolið*) hafi flust yfir á frumlag aðalsetningarinnar, þótt hún hljómi nú dálitið einkennilega út af fyrir sig (*listaverkunum ... eru óskemmd*). Tafla 7.35 sýnir mat á setningum af þessu tagi:

| Númer | Setning | já | ? | nei | = | N |
|----------|--|-------------|------|-------------|-----|-----|
| a. L3.14 | Listaverkin sem var stolið eru óskemmd. | 30,0 | 13,9 | 56,1 | 100 | 711 |
| b. T3054 | Listaverkunum sem var stolið eru ómetanleg. | 57,4 | 15,0 | 27,6 | 100 | 711 |
| c. T3031 | Aðra sem menn fá eru reknir. | 9,2 | 17,6 | 73,2 | 100 | 709 |
| d. T3066 | Blaði sem dreift er ókeypis hefur sterka stöðu. | 63,6 | 17,2 | 19,2 | 100 | 712 |
| e. T3083 | Þeim sem liggur mikið á hjarta fá tækifæri hér. | 74,1 | 15,3 | 10,6 | 100 | 710 |
| f. T3093 | Þeir uppskera bara því sem sáð var. | 40,1 | 25,2 | 34,7 | 100 | 709 |

Tafla 7.35: Mat á setningum með fallflutningi og án hans.

Hér vekur tvennt mesta athygli. Í fyrsta lagi að minna en þriðjungur þátttakenda skuli telja fyrstu setninguna (L3.14) eðlilegt mál og meirihluti þeirra skuli hafna henni. Þó var þessi setning lesin inn á disk og spiluð fyrir hlustendur. Í mörgum tilvikum stuðlaði slíkt að jákvæðara mati á setningum og meira samræmi í dónum (sjá umræðu um aðferðir í 2. kafla). Neikvæðir dómar fyrir þessa setningu ríma þó við þá staðreynd að meirihlutinn telur samsvarandi setningu með fallflutningi (þ.e. b-dæmið) eðlilega. Þó er athyglisvert að samtala jákvæðra svara í þessu pari ($a+b$) nær aðeins 87,4% (reynðar ekki nema 61,5% hjá háskólamenntuðum, sbr. *töflu 7.37*). Í öðru lagi sést að c-dæmið sker sig mjög úr og fær langversta dóma. Líklega er ástæðan sú að þar er sýnilegt frumlag í tilvísunarsætningunni (*menn*) og en í öllum hinum fallflutningsdæmunum er frumlagseyða. Auk þessa vekur athygli að tiltölulega stór hópur þátttakenda er í vafa um fallflutningssetningarnar, einkum þá síðustu, og merkir við ? á eyðublaðinu.

7.5.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

7.5.2.1 Aldur

Tafla 7.36 sýnir mat einstakra aldurshópa á þeim setningum sem hér eru á dagskrá:

| Númer | Setning | 9. b | 20–25 | 40–45 | 65–70 | r | p | N |
|----------|--|-------------|-------------|-------------|-------------|-------|-------------|-----|
| a. L3.14 | Listaverkin sem var stolið eru óskemmd. | 27,9 | 16,9 | 29,8 | 47,0 | -.159 | .000 | 711 |
| b. T3054 | Listaverkunum sem var stolið eru ómetanleg. | 57,5 | 62,6 | 58,9 | 50,0 | .086 | .021 | 711 |
| c. T3031 | Aðra sem menn fá eru reknir. | 11,5 | 5,1 | 6,0 | 13,9 | -.031 | .403 | 709 |
| d. T3066 | Blaði sem dreift er ókeypis hefur sterka stöðu. | 56,5 | 69,8 | 67,9 | 61,2 | .004 | .925 | 712 |
| e. T3083 | Þeim sem liggur mikið á hjarta fá tækifæri hér. | 65,7 | 78,2 | 79,5 | 74,4 | -.045 | .233 | 710 |
| f. T3093 | Þeir uppskera bara því sem sáð var. | 42,2 | 45,3 | 38,1 | 33,7 | .116 | .002 | 709 |

Tafla 7.36: Jákvaett mat á dænum með og án fallflutnings, flokkað eftir aldri þátttakenda.

Hér er ekki eins skýr munur á aldurshópum og e.t.v. hefði mátt búast við. Að vísu fær dæmið án fallflutnings (*a*-dæmið) besta dóma hjá elsta hópnum og þar er fylgnin við aldur einna sterkust og mjög vel marktæk ($p = 0,000$). Samsvarandi dæmi með fallflutningi (*b*-dæmið) fær líka lakasta dóma hjá elsta aldurshópnum þótt þar sé fylgnin við aldur mun minni og aðeins marktæk við $p \leq 0,05$ markið. Annars er mat á fallflutningsdæmunum ekki alltaf tengt aldurshópum á skýran hátt (það er aðeins sæmilega skýr og vel marktæk fylgni í síðasta dæminu, fyrir utan þau sem þegar voru rædd) og reyndar er það aldrei yngsti hópurinn sem metur þau dæmi á jákvæðastan hátt. Hér kann tiltölulega formlegt mál að hafa einhver áhrif á mat yngsta hópsins (sbr. orðalag eins og *liggur mikið á hjarta*, stílfærsla eins og *dreift er, sáð var*, orð eins og *ómetanleg*), en mórg þessara dæma voru reyndar tekin úr ákveðnum heimildum (t.d. fjölmöldum) eða sniðin nokkuð nákvæmlega eftir slíkum dæmum. Þessi dæmi sýna þá að það getur verið varasamt að byggja dæmasetningar á „raunverulegum dæmum“ því þau geta innihaldið orðalag sem er bundið við einhverja aldurshópa eða félagshópa, hvaðan sem þau eru tekin.

7.5.2.2 Menntun

Þegar skoðuð er fylgni við menntun að teknu tilliti til aldurs kemur í ljós að hún er yfirleitt lítil og ekki stöðug. Hún er þó mjög vel marktæk þegar fyrstu tvær setningarnar eiga í hlut þótt niðurstöðurnar séu mótsagnakenndar. Þetta er sýnt í *töflu 7.37* þar sem yngsta aldurshópnum er sleppt eins og áður í hliðstæðum tilvikum þar sem hann er algjörlega einsleitur að því er menntun varðar (sjá umræðu í kafla 6.3):

| Númer | Setning | grsk | frhsk | hásk | r | p | N |
|----------|--|-------------|-------------|------|-------|-------------|-----|
| a. L3.14 | Listaverkin sem var stolið eru óskemmd. | 33,3 | 28,4 | 19,2 | .130 | .010 | 398 |
| b. T3054 | Listaverkunum sem var stolið eru ómetanleg. | 61,9 | 56,5 | 42,3 | .147 | .003 | 399 |
| c. T3031 | Aðra sem menn fá eru reknir. | 8,7 | 7,5 | 6,4 | .052 | .304 | 395 |
| d. T3066 | Blaði sem dreift er ókeypis hefur sterka stöðu. | 63,8 | 67,9 | 50,0 | .089 | .075 | 398 |
| e. T3083 | Þeim sem liggur mikið á hjarta fá tækifæri hér. | 83,8 | 76,7 | 75,3 | .075 | .138 | 397 |
| f. T3093 | Þeir uppskera bara því sem sáð var. | 34,3 | 42,3 | 38,5 | -.013 | .791 | 398 |

Tafla 7.37: *Jákvætt mat á setningum með fallflutningi og án hans, flokkað eftir menntun þátttakenda. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Ekki verður sagt að þessi tafla sýni skýra mynd. Fyrstu tvær setningarnar sýna t.d. sams konar fylgni við aldur, þ.e. því minni menntun sem þátttakendur hafa, því líklegrir eru þeir til til að telja þær báðar eðlilegt mál þótt þær ættu að vera andstæður. Og þessi fylgni er marktæk við $p \leq 0,01$ markið í báðum tilvikum! (Þetta sést líka af því að samtala jákvæðra dóma er því lægri sem menntun þátttakenda er meiri, eins og áður var bent á.) Annars staðar er ekki um marktæka fylgni að ræða.

7.5.2.3 Kyn

Tafla 7.38 sýnir jákvætt mat kynjanna á umræddum setningum:

| Númer | Setning | kk | kvk | r | p | N |
|----------|--|-------------|-------------|-------|------|-----|
| a. L3.14 | Listaverkin sem var stolið eru óskemmd. | 35,9 | 24,3 | .130 | .001 | 711 |
| b. T3054 | Listaverkunum sem var stolið eru ómetanleg. | 59,8 | 55,2 | .060 | .110 | 711 |
| c. T3031 | Aðra sem menn fá eru reknir. | 13,5 | 5,0 | .160 | .000 | 709 |
| d. T3066 | Blaði sem dreift er ókeypis hefur sterka stöðu. | 67,6 | 59,9 | .065 | .081 | 712 |
| e. T3083 | Þeim sem liggur mikið á hjarta fá tækifæri hér. | 73,1 | 74,9 | -.020 | .600 | 710 |
| f. T3093 | Þeir uppskera bara því sem sáð var. | 44,5 | 35,9 | .099 | .008 | 709 |

Tafla 7.38: **Jákvætt mat** á setningum með fallflutningi og án hans, flokkað eftir kyni.

Hér er heildarmyndin óskýr: Karlar eru eru jákvæðari en konur gagnvart *a*-dæminu (hefðbundið fall, enginn fallflutningur) og sa munur er mjög vel marktækur ($p = 0,001$) þótt fylgnin sé ekki sterk ($r = 0,130$). En þeir eru líka heldur sáttari en konurnar við *b*-dæmið, sem á að vera andstæða *a*-dæmisins og sýnir fallflutning, þótt munurinn sé líttill og ekki marktækur. Karlarnir eru almennt heldur jákvæðari en konurnar gagnvart fallflutningnum og munur á mati kynjanna er tölfræðilega marktækur í *c*-dæminu og *f*-dæminu. Það gæti síðan verið áhugavert að skoða kynjamuninn nánar, t.d. meðal háskólamenntaðra (samtala jákvæðra svara fyrir *a+b* fór aðeins upp í rúm 60%).

7.5.3 Tengsl við búsetu

Tafla 7.39 sýnir hvort finna má einhvern mun hér eftir landshlutum:

| Númer | Setning | Rvk | Rnes | Suð | Aust | NE | NV | Vfir | Vlan |
|----------|---|------|------|-------------|------|------|------|-------------|-------------|
| a. L3.14 | Listaverkin sem var stolið eru óskemmd. | 33,3 | 26,9 | 25,8 | 27,5 | 28,3 | 37,0 | 29,5 | 37,1 |
| b. T3054 | Listaverkunum sem var stolið eru ómetanleg. | 53,5 | 61,5 | 65,3 | 50,5 | 53,5 | 57,4 | 59,0 | 66,1 |
| c. T3031 | Aðra sem menn fá eru reknir. | 4,2 | 7,7 | 11,2 | 8,3 | 11,2 | 3,8 | 14,1 | 8,1 |
| d. T3066 | Blaði sem dreift er ókeypis hefur sterka stöðu. | 61,6 | 57,7 | 70,4 | 66,1 | 61,0 | 68,5 | 60,3 | 58,1 |
| e. T3083 | Þeim sem liggur mikið á hjarta fá tækifaeri hér. | 58,6 | 72,0 | 77,4 | 73,1 | 79,4 | 74,1 | 79,5 | 74,2 |
| f. T3093 | Þeir uppskera bara því sem sáð var. | 35,7 | 46,2 | 42,4 | 39,8 | 37,7 | 38,9 | 49,4 | 35,5 |

Tafla 7.39: **Jákvætt mat** á setningum með fallflutningi og án hans, flokkað eftir landshlutum.

Hér má sjá að yfirleitt er frekar lítill munur á landshlutunum og ekkert áberandi mynstur er sjáanlegt. Það kemur lika í ljós að munurinn á milli landshlutanna er hvergi tölfræðilega marktækur samkvæmt kí-kvaðratprófinu. Ef litið er á einstaka staði virðist enginn þeirra skera sig úr á áberandi hátt. Fallflutningsdæmin fá þó yfirleitt tiltölulega dræmar viðtökur í Reykjavík (sbr. tölurnar í *töflu 7.39*, þar sem Hafnarfjörður er talinn með Reykjavík) — en annars fá fallflutningssetningarnar einna neikvæðasta dóma á Hólmatvík!

7.5.4 Samantekt

Helstu niðurstöður um fallglötun og fallflutning verða þá þessar:

- Í rannsókn á fallglötun völdu um 18% þáttakenda *Það býst ég við* fremur en *Því býst ég við*. Meirihlutinn valdi því að varðveita fallið (*tafla 7.34*).
- Þáttakendur voru mun jákvæðari gagnvart fallflutningi en búist hafði verið við. Þannig fékk setningin *Listaverkunum sem var stolið eru ómetanleg* mun betri dóma í heildina en *Listaverkin sem var stolið* og ýmsar fleiri fallflutningssetningar fengu betri dóma en vænsta var (sjá *töflu 7.35*).
- Niðurstöður um tengsl við aldur, menntun, kyn og búsetu voru óskýrar.

7.6 Lokaorð

Í þessum kafla hefur verið sagt frá tölfræðilegum niðurstöðum um fjölmög atriði sem tengjast falli. Lögð hefur verið áhersla á að gefa almennt yfirlit en auk þess litið sérstaklega á tengsl tilbrigðanna við félagslega þætti (aldur, menntun, kyn og búsetu). Í lok hvers undirkasca hafa verið dregnar saman helstu niðurstöður um þau atriði sem þar hafa verið rádd og hér má vísa í þær samantektir. Skýrustu eða athyglisverðustu niðurstöðurnar má telja þessar:

- Þágúfallshneigð sýnir skýr og tölfræðilega marktæk tengsl við aldur. Hún er algengari hjá yngri kynslóðunum en þeim eldri þótt hún komi fyrir hjá öllum aldurshópum.
- Það er nokkur munur á þágúfallshneigð eftir búsetu. Hann tengist þó fremur einstökum stöðum en heilum landshlutum. Það er því ekki hægt að tala um landshlutabundna þágúfallshneigðarmállýsku.
- Nefnifallshneigð sýnir nokkra fylgni við aldur en hún er veikari og ekki eins regluleg og þegar þágúfallshneigð á í hlut.
- Þágúfallsandlög sækja á með sögnum eins og *faxa, fram lengja, negla* (í íþróttamáli) og *rústa*, þó síst á Norðurlandi eystra.
- Fallflutningur úr tilvísunarsetningu yfir á orðið sem tilvísunarsetning stendur með (t.d. *Listaverkunum sem var stolið eru ómetanleg*) er mun algengari en búist var við.

Almennt má segja að hér hafi komið í ljós fjölmög atriði sem vert væri að rannsaka nánar og vonandi nýta sem flestir þennan efnivið til þess og bæta nýjum gögnum við (sjá líka 20., 22. og 28. kafla og rit sem þar er vísað til). Í því sambandi má t.d. benda á að það yfirlit yfir tengsl málbreyta við félagsbreytur sem hér er gefið er mjög gróft og þar er lítið hugað að víxlverkun eða innbyrðis tengslum félagsbreytanna (að öðru leyti en því að yngsta aldursflokknum er sleppt þegar hugað er að tengslum máls og menntunar). Efniviðurinn býður upp á mun nákvæmari athuganir á atriðum af þessu tagi.

Rit sem vísað er til í þessum kafla

- Ásta Svavarsdóttir. 1982. „Págufallssýki“. Breytingar á fallnotkun í frumlagssæti ópersónulegra sagna. *Íslenskt mál* 4:19–62.
- Ásta Svavarsdóttir 1994. Enn um eignarfallsflóttu. *Jóníma hans Jóns G. Friðjónssonar fimm tugs*, bls. 7–13. Reykjavík.
- Ásta Svavarsdóttir, Gísli Pálsson og Þórólfur Þórlindsson. 1984. Fall er fararheill. Um fallnotkun með ópersónulegum sögnum. *Íslenskt mál* 6:33–55.
- Björn Gíslason. 2001. *Að verjast föllum*. Um þágufallssýki og nefnifallssýki. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Björn Gíslason. 2003. Af þágufallssýki 11 ára barna. *Skíma* 52:21–27.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2010. Smágrein handa Kristíni. *Nokkrar handlínur bróðeraðar handa Kristínu Bjarnadóttur sextugri 9. janúar 2010*, bls. 27–32. Reykjavík.
- Field, Andy. 2005. *Discovering Statistics Using SPSS* (and Sex, Drugs and Rock 'n' Roll). 2. útg. Sage Publications, London.
- Halldór Halldórsson. 1982. Um méranir. Drög að samtímalegri og sögulegri athugun. *Íslenskt mál* 4:159–189.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1997. Öðruvísí frumlög. Anna Agnarsdóttir, Pétur Pétursson og Torfi Tulinius (ritstj.): *Milli himins og jarðar*, bls. 299–306. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Halldór Ármann Sigurðsson 2004. Icelandic Non-Nominative Subjects: Facts and Implications. Peri Bhaskararao og Karumuri V. Subbarao (ritstj.): *Non-Nominative Subjects 2*, bls. 137–159. John Benjamins, Amsterdam.
- Heimir Freyr Viðarsson. 2009. Tilbrigði í fallmörkun aukafallsfrumлага. *Págufallshneigð í fornislensku?* *Íslenskt mál* 31:15–66.
- Helga Eggertsdóttir. 2009. *Eignarfallsflótti*. B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1979. Eignarfallsflótti. Uppástunga um nýja málvillu. *Íslenskt mál* 1:88–95.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1999. Orð í belg um eignarfallsflóttu. *Íslenskt mál* 21:151–160.
- Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson. 2013. Case in Disguise. Beatriz Fernández og Ricardo Etxepare (ritstj.): *Variation in Datives: A Micro-Comparative Perspective*, bls. 96–143. Oxford Studies in Comparative Syntax, Oxford University Press, Oxford.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Ritstjóri og aðalhoffundur Höskuldur Þráinsson. Meðhoffundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2013. Ideal Speakers and Other Speakers: The case of Dative and Some Other Cases. Beatriz Fernández og Ricardo Etxepare (ritstj.): *Variation in Datives: A Micro-Comparative Perspective*, bls. 161–188. Oxford Studies in Comparative Syntax, Oxford University Press, Oxford.
- Höskuldur Þráinsson. 2015. Tilbrigði í færeyskri og íslenskri setningagerð. Turið Sigurðardóttir og María Anna Garðarsdóttir (ritstj.): *Frændafundur* 8. Fróðskapur, Þórshöfn.
- Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. 2013. Hvert stefnir í íslenskri setningagerð? Um samtímalegar kannanir og málbreytingar. *Íslenskt mál* 35:57–127.

- Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason. 2001. Íslenskar mállýskur. Þórunn Blöndal og Heimir Pálsson (ritstj.): *Alfræði íslenskrar tungu*. [Geisladiskur.] Námsgagna-stofnun, Reykjavík.
- Iris Edda Nowenstein. 2012. *Mig langar sjálfri til þess*. Rannsókn á innri breytileika í fallmörkun frumlaga. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Iris Edda Nowenstein. 2014a. *Tilbrigði í frumlagsfalli á málþökuskeiði*. Págufallshneigð og innri breytileiki. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Iris Edda Nowenstein. 2014b. Intra-speaker Variation in Subject Case: Icelandic. University of Pennsylvania Working Papers in Linguistics, 20 (1). *Proceedings of the 37th Annual PennLinguistics Conference*. Article 28.
- Íslensk-dönsk orðabók. 1920–1924. Ritstjóri og aðalhöfundur Sigfús Blöndal. Aðalsamverkamenn Björg Þorláksdóttir Blöndal, Jón Ófeigsson og Holger Wiehe. Reykjavík.
- Jóhanna Barðdal. 2001. *Case in Icelandic — A Synchronic, Diachronic and Comparative Approach*. Doktorsritgerð, Lundarháskóla, Lundi.
- Jóhanna Barðdal. 2008. *Productivity. Evidence from Case and Argument Structure in Icelandic*. John Benjamins, Amsterdam.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1997–1998. Sagnir með aukafallsfrumlagi. *Íslenskt mál* 19–20:11–43.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2003. Not So Quirky: On Subject Case in Icelandic. Ellen Brandner og Heike Zinsmeister (ritstj.): *New Perspectives on Case and Case Theory*, bls. 127–163. CSLI Publications, Stanford University, Stanford.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. Merkingarflokkar nafnliða og setningagerð. *Setningar. Handbók um setningafræði*, bls. 435–458. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2009a. Verb Classes and Dative Objects in Insular Scandinavian. Jóhanna Barðdal og Shobhana Chelliah (ritstj.): *The Role of Semantic, Pragmatic and Discourse Factors in the Development of Case*, bls. 203–224. Benjamins, Amsterdam.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2009b. Covert Nominative and Dative Subjects in Faroese. *Nordlyd* 36(2):142–164.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2013. Dative versus Accusative and the Nature of Inherent Case. Beatriz Fernández og Ricardo Etxepare (ritstj.): *Variation in Datives: A Micro-Comparative Perspective*, bls. 144–160. Oxford Studies in Comparative Syntax, Oxford University Press, Oxford.
- Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson. 2003. Breytingar á frumlagsfalli í íslensku. *Íslenskt mál* 25:7–40.
- Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson. 2005. Variation and Change in Subject Case Marking in Insular Scandinavian. *Nordic Journal of Linguistics* 28(2):223–245.
- Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson. 2011. Structured Exceptions and Case Selection in Insular Scandinavian. Horst Simon og Heike Wiese (ritstj.): *Expecting the Unexpected. Exceptions in the Grammar*, bls. 213–241. Mouton de Gruyter, Berlin.
- Kristín Áslaug Þorsteinsdóttir. 2009. *Afdrif eignarfallsins*. Staða eignarfalls í íslensku nútímmáli. M.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Maling, Joan. 2002. Það rignir þágufalli á Íslandi. Verbs with Dative Objects in Icelandic. *Íslenskt mál* 24:31–105.

- Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. 2001. „Það var hrint mér á leiðinni í skólann“: Þolmynd eða ekki þolmynd? *Íslenskt mál* 23:123–180.
- Svenonius, Peter. 2002. Icelandic Case and the Structure of Events. *Journal of Comparative Germanic Linguistics* 6:197–225.
- Þórhallur Eyþórsson. 2001. Fall á fallanda fæti? Um breytingar á frumlagsfalli í íslensku. *Íslenskt mál* 22:185–204.
- Þórhallur Eyþórsson. 2002. Changes in Subject Case Marking in Icelandic. David Lightfoot (ritstj.): *Syntactic Effects of Morphological Change*, bls. 196–212. Oxford University Press, Oxford.

SUMMARY

This chapter discusses variation in subject and object case (also discussed in chapters 4, 20, 22 and 28). Variation in subject case comes mainly in two guises. One is the Dative Substitution (or Dative Sickness), where dative subjects are substituted for more traditional accusative subjects. This happens mostly when the accusative subject is an experiencer, e.g. with verbs like *vanta* ‘lack, need’ and *langa* ‘want, long for, desire’. In the other kind of variation in subject case a nominative subject is substituted for an accusative subject. This typically occurs when the accusative subject is a theme, e.g. with verbs like *reka á land* ‘drift ashore’. In addition, there are some other instances of the default or structural nominative subject case replacing lexical subject case, such as accusative or dative, e.g. with *dreyma* ‘dream’.

In the case of the object (pun intended) the variation mostly has to do with dative vs. accusative. Although the accusative is arguably the default (and structural) case of objects, there seems to be a tendency to regularize the use of dative marking on objects. One such tendency is to mark object themes (especially of verbs meaning ‘moving (something)’) with dative case. One evidence for this is the fact that various new verbs (including loanwords) of this semantic class take dative objects.

The chapter also reports on the investigation of “case loss” when a demonstrative pronoun is topicalized in the construction *Því/Það býst ég ekki við ‘That(D/N) I don’t reckon with.’* In this construction one would expect the topicalized pronoun to preserve its dative case (in this instance governed by the preposition *við* ‘with’).

Finally, the chapter describes variation in case marking of NPs that are modified by a relative clause in constructions like *A newspaper [that is distributed freely] has a strong position*. Here the passive *is distributed* would take a dative subject (the verb *dreifa* ‘distribute’ takes a dative object in the active and the dative is preserved in the passive since it is a lexical case) and there is some tendency to “copy” this dative onto the NP that the relative clause modifies although this NP “should” in fact be the nominative subject of the verb following the relative clause (the verb ‘have’ in this instance).

The main results about case variation of subjects and objects can be summarized as follows (cf. (7.11)–(7.14)):

(i) Dative Substitution:

- There is a clear and statistically significant correlation between Dative Substitution and age (cf. e.g. *table 7.8* and *figure 7.1*).
- There is some correlation between Dative Substitution and education, i.e. Dative Substitution is somewhat less likely to be accepted by the more educated

subjects, although the correlation is weaker than that between age and Dative Substitution and not as regular (*table 7.10*).

- Women were somewhat less likely than men to accept examples involving Dative Substitution and also less likely to use the dative form when filling in blanks. The correlation with gender is weak, however, and not always statistically significant (cf. *table 7.14*, for instance).
- Dative Substitution is not equally common in all parts of the country, although the difference seems to be between individual places visited rather than between larger geographical areas. Thus there is some evidence that Dative Substitution is less common in the Reykjavík area than in many other parts of the country, but the same is not true of the areas closest to Reykjavík (Reykjanes, Suðurland). Similarly, although Dative Substitution is not as common in North-Eastern Iceland as a whole as in some other areas, this does not hold of all the locations visited there (cf. Dalvík). The situation is similar in Western Iceland: Dative Substitution is not very common in the rural Borgarfjörður area but more common in the town Borgarnes, which is geographically very close (cf. *figures 7.2–7.3*). Thus it is clear that it is not possible to define any Dative Substitution area in Iceland, i.e. Dative Substitution is by no means a (part of a) regional dialect. Thus adjacent bars in *figures 7.2–7.3* do not typically represent adjacent geographical areas or geographically close locations.

(ii) Nominative Substitution:

- There is some correlation between age and Nominative Substitution, but it is weaker and not as regular as the correlation between age and Dative Substitution (cf. e.g. *table 7.19*).

(iii) Object Case:

- The younger the subjects, the more likely they are to use dative objects with verbs like *faxa* ‘fax’, *fram lengja* ‘extend’, *negla* ‘nail’ (in the language used in sports, e.g. ‘nail the ball into the net’) and *rísta* ‘demolish’. It is not only the youngest generation that accepts (and uses) dative objects with these verbs (*tables 7.27–7.28* and *figure 7.4*). Correlation with age is statistically significant here.
- For the verb *spyrja e-n e-s* ‘ask somebody(A) something(G)’ the two younger generations are significantly more likely to accept Acc. instead of Gen. on the second object (43,4% and 25,1% of the younger age groups find this natural vs. 11,9% and 10,1% of the older ones, cf. *table 7.27*).

(iv) Case Loss and Inverse Case Attraction:

- Case Loss (as in *Það(N)/Því(D) býst ég ekki við __* ‘That(N/D) I do not reckon with’) was rarely accepted (*table 7.33*).
- Inverse Case Attraction, on the other hand, was unexpectedly well received (*table 7.35*), but the judgments did not show any clear or consistent correlation with the social or demographic variables (cf. *tables 7.35–7.39*).